


FRÉTTIR



Ódýrara við Austurhöfn
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir lóð bankans við Austurhöfn vera hagstæðari en ef keypt væri lóð annars staðar, eins og við Borgartún. Núverandi húsnæði sé óviðunandi. **10**



Myndhöggvararar munnhöggvast
Félagsmönnum í Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur greinir á um brottrekstur Ásmundar Ásmundssonar og Hannesar Lárussonar úr félaginu. **4**

Hollenska stúlkan farin út
Sautján ára hollensk stúlka sem sat í gæsluvarðhaldi hér á landi ásamt móður sinni vegna fíkniefnasmyglis er farin heim til Hollands. **2**



SÉRBLÖAÐ Fólk



Forstjórabústaðurinn rifinn

Byrjað er að rífa forstjórabústað Orkuveitunnar við Þingvallavatn. Nær níu milljónir króna fóru í endurnýjun bústaðarins sem lauk 2012. Sömu tveir mennirnir og klæddu húsið fyrir þremur árum eru nú að rífa það.

STJÓRNSÝSLA Hafist var handa í gær við niðurrif á forstjórabústað Orkuveitu Reykjavíkur við Þingvallavatn. Aðeins eru liðin þrjú ár síðan endurbótum á húsinu lauk. Þær kostuðu 8,9 milljónir króna frá og með árinu 2008.

Bústaðurinn er byggður árið 1946 og fylgdi með þegar Hitaveita Reykjavíkur keypti Nesjavallajörðina 1964. Húsið hefur fyrst og fremst verið ætlað fyrir forstjóra fyrirtækisins.

Afnema átti öll sérréttindi stjórnenda OR samkvæmt ákvörðun sem tekin var í kjölfar þess að ný stjórn tók við sumarið 2010. Bjarni Bjarnason, sem settist í for-

stjórastólinn á árinu 2011, kveðst sjálfur hafa nýtt húsið, þar af tvisvar sumarið 2012.

„Fyrri ferðin er vegna vinnunnar en sú síðari fer í bága við stranga skilgreiningu á afnámi sérréttinda,“ sagði í svari Bjarna við fyrirspurn Fréttablaðsins í september í fyrra.

Þá sagði Bjarni að millistjórnendur í fyrirtækinu hefðu nýtt bústaðinn fram á síðasta sumar.

Sömu tveir mennirnir og luku við seinni áfanga í að klæða bústaðinn að utan fyrir þremur árum tóku nú að sér að rífa húsið. Verkið fengu þeir eftir útbod. Söguðu þeir í gær dálítið sérstakt að vera mættir á

staðinn svo skömmu síðar til að rífa klæðninguna utan af húsinu aftur.

Öll ummerki um bústaðinn eiga að vera horfin 31. ágúst. Lóðin verður grædd upp með mosa sem fenginn er af framkvæmdasvæðum orkuveitunnar í Hverahlíð.

„Fréttir af bústaðnum í Fréttablaðinu og á Stöð 2 settu hann í kastljósið. Ekki þurfti djúpa greiningu á málinu til þess að komast að þeirri niðurstöðu að bústaðurinn skyldi víkja, enda stendur hann nánast ofan á vatnsbólinu á Grámel og liggur illa við sprungustefnum í hrauninu,“ útskýrði Bjarni forstjóri í svari sínu í september.

- gar / sjá síðu 6



Ekki þurfti djúpa greiningu á málinu til þess að komast að þeirri niðurstöðu að bústaðurinn skyldi víkja, enda stendur hann nánast ofan á vatnsbólinu.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR



BÚIÐ SPIL Félagarnir Hannes og Óskar, sem saman eru kallaðir Hanskar af gárungunum, sýndu engin vettlingatök þegar þeir byrjuðu í gær að rífa af klæðninguna sem þeir negldu utan á forstjórabústað Orkuveitunnar í Riðvík á árinu 2012.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Menntamálaráðherra segir brýnt að brugðist verði við auknum vanskilum:

Vill endurskoða lánakerfi LÍN

MENNTAMÁL Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra telur fullt tilefni til að endurskoða útlánakerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). „Það er styrkjakerfi fólgið í íslenska námslánakerfinu en það er engin alvöru stefnumótun á bak við hvernig þeim styrkjum er úthlutað eða til hverra þeir renna,“ segir Illugi.

Í ársskýrslu LÍN, sem kom út í gær, kemur fram að um helmingur útlána LÍN fáiast ekki endurgreiddur. Verulegur munur er á því hve mikið lánþegar greiða til baka af lánum sínum eftir því hve há lánsfjárhæðin er. Þannig endurgreiða einstaklingar sem skulda LÍN undir 2,5 milljónum

króna 85 prósent af virði lánsins. Þeir sem skulda LÍN yfir 15 milljónir króna endurgreiða hins vegar á milli 18 og 27 prósent af virði lánsins. Ríkið styrkir því þá sem skulda LÍN mest um yfir 70 prósent af lánsfjárhæðinni en þá sem skulda LÍN minnst um 15 prósent að meðaltali.

Afskriftir LÍN jukust úr 2,8 milljörðum króna árið 2013 í 7,6 milljarða króna 2014. Þá jukust vanskil hjá Lánasjóðnum um 690 milljónir króna í fyrra. Mest hafa vanskilin aukist hjá yngstu lánþegunum. „Vissulega er það áhyggjuefni að sjá þróunina varðandi vanskilin,“ segir Illugi. Hann segir brýnt að við endurskoðun laga um LÍN verði tekið



Það er styrkjakerfi fólgið í íslenska námslánakerfinu en það er engin alvöru stefnumótun á bak við hvernig þeim styrkjum er úthlutað.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra

mið af auknum vanskilum og því hvernig ríkisstyrkir dreifist milli lánþega.

- ih / sjá síðu 4

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis



iSi4

Einstök blanda úr 4 olíum

VEÐUR



Norðaustan 5-13 m/s í dag. Víða súld eða rigning, en styttr upp vestantil á landinu þegar kemur fram á daginn. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast suðvestanlands en kaldast á annesjum norðaustanlands.

SJÁ SÍÐU 16

Áætlun Viðskiptaráðs sýnir að afnám tolla muni draga úr útgjöldum meðalheimilis um 30 þúsund krónur á ári:

Vilja að matvælatollar hverfi einnig á braut

VIÐSKIPTI Viðskiptaráð fagnar áformum fjármála- og efnahagsráðherra um að afnema alla tolla aðra en matartolla fyrir árið 2017. Ráðið hvetur stjórnvöld til að afnema tolla á matvælum sömu-leiðis.

Í aðgerðunum felst skattalækkun sem leiðir til lægra vöruverðs og aukins kaupmáttar. Samkvæmt áætlun ráðsins munu breytingarnar draga úr útgjöldum meðalheimilis um 30 þúsund krónur á ári.

Viðskiptaráð benti nýlega á

stórauknar skatttekjur ríkissjóðs en þær hækkuðu um 59 milljarða árið 2014. Það er því fagnaðarefni að stjórnvöld skili hluta þessara viðbótartekna til baka í formi skattalækkana sem leiða bæði til aukinnar samkeppni og lægra vöruverðs.

Neytendur munu njóta lægra verðs og fjölbreyttara vörúrrvals um næstu áramót eftir afnám tollanna. Neysluskattar munu lækka um um 1,8 milljarða vegna þeirra aðgerða.

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að afnema jafnframt tolla á matvöru og samhliða því umbreyta styrkjafyrirkomulagi landbúnaðarins. Samkvæmt áætlun ráðsins myndi afnám tolla á matvæli skila meðalheimili um 76 þúsund króna sparnaði til viðbótar við þær 30 þúsund krónur sem sparast við afnám tolla á aðrar vörur.

- ngy

VERSLUN Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að afnema tolla á matvöru.



SKÓGARHÖGGSBRAGUR Fúlскеggjaður liðsmaður frönsku útlendingaherdeildarinnar tekur þátt í æfingu fyrir þjóðhátíðardaginn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Frakkar fagna þjóðhátíðardegi sínum víða um landið í dag: 226 ár frá áhlaupinu á Bastilluna

FRAKKLAND Bastilludagurinn, þjóðhátíðardagur Frakka, er haldinn hátíðlegur í dag víða um Frakkland.

Á Bastilludeginum fer fram elsta hersýning í Evrópu en hersveitir franska hersins, auk bandamanna Frakklands, ganga í dag fylktu liði um breiðgötuna Champs-Élysées í París. Hersýningin hefur verið haldin árlega í París frá árinu 1880 að undanskildum árunum 1940 til 1944 þegar Frakkland var hernumið af Þýskalandi. Á þeim árum fór hersýningin fram í Lundúnum undir handleiðslu de Gaulle hershöfðingja.

Fjöldi hermanna var við æfingar fyrir hátíðarhöldin í gær en dagurinn í dag markar upphaf frönsku byltingarinnar þegar byltingarmenn hertóku Bastillufangelsið í París árið 1789 til að komast yfir skotvopn og byssupúður.

- sfs

Borgarastyrjöld í Jemen: Felldu 21 í loftárásum á San'a

JEMEN Flugher Sádi-Arabíu felldi 21 óbreyttan borgara í loftárás-um á San'a, höfuðborg Jemens, í gærmorgun. Fimmtán hús hrundu við sprengingar. Tveir dagar eru síðan Sameinuðu þjóðirnar tilkynntu um vopnahlé sem Sádi-Arabía virðir ekki.

Herlið Sádi-Araba og bandamanna þeirra hefur varpað sprengjum á yfirráðasvæði fyrrverandi forseta Jemens, Alis Abdulla Saleh, frá því í mars. - þea

Tekinn með amfetamín: Dæmdur í hálfs árs fangelsi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vesturlands hefur dæmt Ingibjart G. Richter í hálfs árs fangelsi fyrir að hafa í vörslu sinni 106 grömm af amfetamíni.

Efnin fundust við húsleit heima hjá Ingibjarti og talið er að út frá styrkleika efnanna hefði verið hægt að útbúa 227 grömm af efninu fyrir götusölu. Ingibjartur sagði að efnin hefðu verið til eigin nota en ekki til sölu og dreifingar líkt og fram kom í ákæru. - th

Hollenska stúlkan farin heim til föður síns

Sautján ára hollensk stúlka sem sat í gæsluvarðhaldi hér á landi ásamt móður sinni vegna fíkniefnasmygls er farin heim til Hollands. Mæðgurnar voru teknar með tæplega tuttugu kíló af fíkniefnum. Barnaverndaryfirvöld gættu hagsmuna stúlkunnar.

DÓMSMÁL Sautján ára hollensk stúlka sem sat í gæsluvarðhaldi í Kópavogsfangelsi ásamt móður sinni vegna fíkniefnasmygls er farin heim til Hollands.

„Faðir hennar kom að sækja hana til Íslands,“ segir Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri Sandgerðisbæjar, sem fylgdi stúlkunni eftir í gæsluvarðhald eftir að lagt var hald á tæplega tuttugu kíló af fíkniefnum í farangri mæðgunnar í byrjun apríl.

Um er að ræða eitt stærsta fíkniefnamál hér á landi í lengri tíma. Stúlkan sat í gæsluvarðhaldi frá 3. til 20. apríl en þá var hún sett í farbann.

„Ég fylgdi henni eftir í gæsluvarðhald sem fulltrúi barnaverndarnefndar Sandgerðis og var með henni til þess að gæta réttinda hennar því lögreglan gætir hagsmuna ríkisins,“ segir Kristín. Hún bætir við að í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sé mælt til þess að börn sitji ekki í fangelsi með fullorðnum. „Stelpan sýndi skýran vilja til að fylgja móður sinni og vistast í fangelsi. Við þurftum að skera úr um það hvort hún ætti að fylgja móður sinni eða vistast á Stúðlum sem hefði verið hitt úrræðið. Við færðum rök fyrir því að hún færi með móður sinni.“

Tálbeituáðgerð var beitt eftir handtöku þeirra mæðgna sem leiddi til þess að íslenskur maður var handtekinn á herbergi á Hótel Fróni í Reykjavík. Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald en var látinn laus tveimur vikum síðar. Móðir stúlkunnar er enn í gæsluvarðhaldi. „Það er vegna rannsóknarhagsmuna og öryggis-



KEFLAVÍK Um er að ræða eitt stærsta fíkniefnamálið hér á landi í lengri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

- ➔ Íslenski maðurinn og móðirin voru ákærð.
- ➔ Málið var þingfest þann 9. júlí síðastliðinn.
- ➔ Millípinghald verður haldið í lok mánaðarins að sögn Huldu Maríu Stefánsdóttur saksóknara, sem sækir málið.
- ➔ Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvenær aðalmeðferð fer fram.

ins vegna. Þarna eru gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og öruggara fyrir hana að vera í fangelsi,“ segir Guðmundur og bætir við að stúlkan hafi ekki verið ákærð því það þótti ekki líklegt til sakfells. „Það var svo margt sem benti til þess að hún hefði ekki vitað af efnunum,“ segir Guðmundur.

„Eftir að stúlkan var sett í farbann fór hún í vistun á vegum barnaverndaryfirvalda. Við fundum fyrir hana fjölskyldu og fylgdum henni eftir með sálfélagslegum

stuðningi og umgengni við móður sína,“ segir Kristín og bætir að stúlkan hafi verið í áfalli og þurft faglega aðstoð.

Íslensk barnaverndaryfirvöld voru í góðu sambandi við föður stúlkunnar og barnaverndaryfirvöld í Hollandi á meðan stúlkan var á Íslandi. „Barnavernd í Hollandi kannaði aðstæður hjá föður hennar og sendi okkur staðfestingu á því að það væri ekkert því til fyrirstöðu að barnið færi til hans.“

nadine@frettabladid.is

VIKINGASUSHI
ÆVINTÝRASIGLING
Upplifðu gersemar Breiðafjarðar

FERJAN BALDUR
Bein leið til Vestfjarða

FLATEY
Eyjan þar sem
tíminn stendur kyrr

Sæferðir
www.saeferdir.is
sími 433 2254

Starfsmenn Félagsþjónustu Hafnarfjarðar telja breytingar illa ígrundaðar:

Gagnrýna breytingar harðlega

SVEITARSTJÓRNARMÁL Starfsmenn Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar lýsa yfir þungum áhyggjum af breytingum á nýsamþykktu stjórnskipulagi Hafnarfjarðar.



GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR

Í ályktun frá starfsmönnum Fjölskylduþjónustunnar kemur fram að skipulagsbreytingar þjónustunnar undanfarin fimm ár hafi þegar skilað betri þjónustu til bæjarbúa og aukinni hagkvæmni.

Í ljósi fyrri árangurs þjónustunnar er nýju skipulagsbreytingunum mótmælt harðlega.

Fjórum starfsmönnum hefur verið víkið úr starfi, þrír færðir undir önnur svið og ekki fæst ráðið í afleysingastörf fyrir tvo starfsmenn sem eru í fæðingarorlofi.

Starfsmenn fjölskyldusviðs telja að skipulagsbreytingarnar séu illa ígrundaðar og að trúnaður á milli starfsmanna og stjórnenda bæjarins hafi bedið hnekk.

Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og formaður fjölskylduráðs bæjar-



HAFNARFJÖRÐUR Starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar segja hagræðingu þegar hafa skilað sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ins, segir allar ábendingar vel þegar. „Ég hef rætt við bæjarstjóra og sviðsstjóra Fjölskylduþjónustunnar og þetta verður bara skoðað. Þau munu setjast niður með starfsfólkinu og það er í góðum farvegi með að ræða málin betur.“

- sfs

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



GRÍPUR MEIRA EN ATHYGLINA



Fabia – nýi verðlaunagripurinn frá ŠKODA

Þér á eftir að líka vel við ŠKODA Fabia. Glæsileg hönnunin nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að ŠKODA Fabia skyldi vera valinn bíll ársins af WhatCar? og hljóta Red Dot hönnunarverðlaunin 2015. Komdu og prófaðu nýjan ŠKODA Fabia. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins
2.290.000 kr.



reddot award 2015
best of the best car design



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

SPURNING DAGSINS



Verður heimanámið leikandi létt?

Með Study Cake verður heimanámið loksins skemmtilegt. Nema danskan, hún verður alltaf leiðinleg. Kjartan Þórisson er einn stofnenda sprotafyrirtækisins Study Cake sem gefur út forrit sem miðar að því að leikjavegja heimanám.



MÓTMÆLI Mótmælafundur voru haldnir víða í Marokkó konunum til stuðnings.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tvær konur sýknaðar:

Aðför að einstaklingsfrelsi

MAROKKÓ Tvær konur voru sýknaðar af ákærum um óspektir á almannafæri í Marokkó í gær.

Konurnar tvær voru handteknar þann 16. júní á markaði í Inezgane fyrir að klæðast stuttum pilsunum. Mál kvennanna vakti mikla athygli í Marokkó og söfnuðust þúsundir undirskrifta þar sem þess var krafist að konurnar yrðu látnar lausar.

- srs

Verklok áætluð í september:

Lokuðu Álfanesvegi í gær

SKIPULAGSMÁL Álfanesvegur verður lokaður frá 13. til 22. júlí á meðan gengið er frá tengingu gamla Álfanesvegar við nýja Álfanesveginn sem liggur um Gálgastraun.

Meðan á framkvæmdum stendur verður opin hjáleikur um Garðaholt. Framkvæmdirnar munu ekki hafa áhrif á gangandi eða hjólandi vegfarendur. Framkvæmdirnar hafa valdið nokkurri óánægju en nokkrir mótmælendur voru handteknir árið 2013 fyrir að tefja fyrir þeim. Áætluð verklok er 1. september.

- srs

LEIÐRÉTTING

Á síðu tvö í Fréttablaðinu í gær var birt mynd sem átti að vera af Jóhannesi Jenssyni aðstoðaryfirlögslupjóni. Þau leiðu mistök urðu að myndin var af Arnari Jenssyni.

Framkvæmdastjóri LÍN kallar eftir umræðu um að þeir sem fá hæstu lánin greiði hlutfallslega minnst:

Fjörutíu manns skulda LÍN 1,1 milljarð

MENNTAMÁL Verulegur munur er á hve mikið einstaklingar endurgreiða af námslánum sínum eftir því hve mikið þeir skulda LÍN.

Heildarskuldir þeirra tuttugu einstaklinga sem lokið hafa námi og skulda LÍN mest nema 663 milljónum króna, samkvæmt því sem fram kemur í ársskýrslu LÍN sem kom út í gær.

LÍN býst við að fá 80 milljónir króna núvirt endurgreitt frá hópnum, eða 12 prósent lánsfjárhæðarinnar. Þeir tuttugu ein-

staklingar sem skulda LÍN mest og eru enn í námi skulda um 506 milljónir króna. Því skulda fjörutíu einstaklingar LÍN 1,1 milljarð króna en að líkindum verður aðeins lítill hluti þeirra lána endurgreiddur.

Þeir einstaklingar sem skulda LÍN minnst endurgreiða virði lána sinna nánast að fullu.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir fullt tilefni til að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, kallar eftir umræðu um hvort breyta þurfi lánakerfi LÍN.

„Viljum við setja aldurstakmörk á hvenær þú getur fengið lán? Átt þú að geta fengið lán eftir sextugt? Á að setja þak á upphæð námslána? Á að breyta afborgunarskilyrðunum með einhverjum hætti?“ spyr Hrafnhildur en bætir við að það sé stjórnvalda að ákveða með hvaða hætti brugðist verði við.

- ih



LÍN Framkvæmdastjóri LÍN kallar eftir umræðu um lánasjóðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Myndhöggvurum tekst ekki að höggva á hnútinn

Hannes Lárusson og Ásmundur Ásmundsson myndlistarmenn voru reknir úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur eftir að tillaga barst frá Kristni E. Hrafnssyni myndlistarmanni. Félagsmenn greinir á um málið.

SAMFÉLAG „Í grunninn byggir þetta á misskilningi og lélegu listrænu uppeldi. Síðan kunna að krauma einhverjar annarlegar hvatir sem brjótast fram í hatri og einelti,“ segir Hannes Lárusson myndlistarmaður, sem rekinn var úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur á aðalfundi félagsins í lok maí.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að ákveðið hefði verið að vísa honum og Ásmundi Ásmundssyni myndlistarmanni úr félaginu eftir leynilega atkvæðagreiðslu. Á fundinum var lesin upp nafnlaus tillaga þar sem lagt var til að þeim yrði vísað úr félaginu. Gengið var til atkvæðagreiðslu og niðurstaðan varð að víkja þeim úr félaginu.

Eftir kosninguna var það upplýst að Kristinn E. Hrafnsson listamaður var sá sem bar upp nafnlausu tillöguna.

„Staðreyndin er sú að það hafa aldrei verið framin skemmdarverk, ofbeldi né þjófnaður eins og formaður félagsins hélt fram í Fréttablaðinu í gær. Ásökun um hatursáróður er ekkert annað en meiyrdi,“ segir Hannes.

Ásmundur og Hannes halda því fram að frávíkingin sé meðal annars tengd meiyrdamáli sem Ásmundur höfðaði á hendur Kristni eftir að þeir deildu í fjölmiðlum. Kristinn skrifaði í grein sinni að Ásmundur væri kunnastur fyrir að eyðileggja listaverk annarra listamanna. Ásmundur höfðaði meiyrdamál gegn Kristni fyrir þessi ummæli og tapaði málinu.

„Þessu væli verður að fara að linna,“ segir Kristinn. „Stjórn félagsins var búin að reyna að leysa málið og sendi félagsmön-



Hannes Lárusson myndlistarmaður




Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður.

Staðreyndin er sú það hafa aldrei verið framin skemmdarverk, ofbeldi né þjófnaður.

Þessu væli verður að fara að linna. Stjórn félagsins var búin að reyna að leysa málið.

um alvarlega pósta og var félagsfundur haldinn um málið í mars og það leystist ekki. Það var því óhjákvæmilegt að taka á þessu á aðalfundi. Ég held að félagsmenn hafi vel vitað hvað þeir voru að gera og það skiptir engu hver setti textann saman,“ segir Kristinn og bætir við að hann hafi ekki geta settið fundinn og því hafi hann beðið um að tillagan yrði nafnlaus.

„Það gerði ég svo menn færu ekki að blanda saman óskyldum málum, enda sýnir sig nú að það var rétt mat hjá mér. Menn blanda alltaf saman persónum og mál-efnum og nú þykjast menn sjá samsæri í hverju horni,“ segir Kristinn sem telur að það sé ekki vinnufriður í húsnæði félagsins fyrir þeim félögum. „Ég veit að yngri listamenn hafa veigrað sér



KAFFISTOFA MYNDHÖGGVARAFÉLAGSINS Á myndinni má sjá verk eftir Ásmund Ásmundsson og Hannes Lárusson á kaffistofu Myndhöggvarafélagsins.

MYND/LOGI

við að koma í félagið út af þessu ofbeldi,“ segir Kristinn.

„Það er sjúklegt ástand að deila, sem í grunninn snýst um tjáningarfrelsi og hlutverk listarinnar, veltist um í grasrótinni á sama tíma og fulltrúar kerfisins koma ekki nálægt umræðunni. Fulltrúar kerfisins eru þeir sem móta vinnuumhverfi listamanna. Það hefur til dæmis ekki heyrst neitt frá Listaháskóla Íslands né Listasafni Reykjavíkur,“ segir

Daníel Magnússon listamaður og bætir við að málið snúist um völd og peninga.

„Þessir menn eru að blanda gömlum deilum inn í brottreksturinn,“ segir Daníel og bætir við að þeir félagar verði ekki fyrir neinu einelti. „Þeir fela framkomu sína þannig að þegar upp er staðið þá túlka þeir andóf félagsmanna gegn sér sem árásir á tjáningarfrelsið.“

nadine@frettabladid.is

Sérfræðingur í mansali fenginn til aðstoðar lögreglunni á Vestfjörðum:

Mansalsrannsókn á lokastigi

SAKAMÁL Nokkur mansalsmál eru til skoðunar og rannsóknar hjá lögregluembættum landsins. Í einu þeirra eru mögulegir þolendur um tuttugu talsins.

Aldís Hilmarsdóttir aðstoðaryfirlögslupjóninn segir mansalsmál erfið rannsóknar. „Því miður eru alltaf einhver og það eru nokkur til rannsóknar núna. Öll mansalsmál eru umfangsmikil og mjög flókin í rannsókn og sérstaklega þar sem við erum með mjög viðkvæma brotapolu.“

Samkvæmt upplýsingum frá embættum lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum má áætla að fjöldi mála þar sem rökstuddur grunur hefur vaknað um mansal sé um þrjátíu á undanförunum þremur árum. Vakni rökstuddur grunur um mansal er málið rannsakað.

1.000 evrur var hver Pólverji sem fékk vinnu hjá fyrirtækinu rukkaður um.

Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri á Vestfjörðum, staðfestir að eitt þessara mansalsmála sé til rannsóknar hjá embættinu, það varði starfsfólk sem starfaði í fiskvinnslu Jakobs Valgeirs í Bolungarvík. Rannsóknin er að hans sögn á lokastigi og er að vænta ákvörðunar um hvort það verði fellt niður.

Málið kom fyrst upp árið 2013. Verkstjóri hjá fiskvinnslufyrirtækinu Jakob Valgeir ehf. í Bolungarvík mun hafa rukkað hvern Pólverja sem fékk vinnu hjá fyrirtækinu um 1.000 evrur. Sam-



Í BOLUNGARVÍK Rannsókn málsins er við það að ljúka. Sérfræðingur í mansalsmálum var fenginn til að skera úr um hvort um mansal hefði verið að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

kvæmt heimildum frá lögreglu hefur sérfræðingur í mansalsmálum frá Suðurnesjum aðstoðað lögregluna við rannsókn málsins og reynt að varpa ljósi á hvort brotið sé gegn mansalsákvæði laganna eða ekki.

- kbg

Einstakt tækifæri! SJÓÐHEITUR Ótrúlegt verð!

SÓLAR

sprettur

í sólarhring!

Hefst í dag kl. 12

plús

FERÐIR

www.plusferdir.is



Innovation
that excites

WWW.NISSAN.IS

NISSAN QASHQAI ER VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



EIGUM NOKKRA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt. Verið velkomin í reynsluakstur.

Verð: **4.190.000 kr.**

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

Verð: **4.790.000 kr.**

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

Verð: **5.190.000 kr.**

NISSAN QASHQAI ACENTA
Fjárhjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

*Míðað við uppgæfnar tölur framleiðanda um eldsneytisroktun í blönduðum aksni. / Aukabúnaður í mynd. Állígur

ENNEMM / SÍA / NM70019

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir formaður Félags fasteignasala?
2. Hvað kallast nýtt smáforrit sem gerir heimavinnu að símaleik?
3. Hvern „hengdi“ Gunnar Nelson í MMA-bardaga í Las Vegas?

SVÖR:

1. Ingbjörg Þórardóttir.
2. Study Cake.
3. Brandon Thatch.

Scott Walker er fimmtándi repúblikaninn til að sækjast eftir útnefningu flokksins til forsetaframboðs:

Ríkisstjóri Wisconsin tilkynnir um framboð

BANDARÍKIN Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin í Bandaríkjunum, tilkynnti í gær um framboð sitt til forseta fyrir Repúblikanaflokkinn. Walker er fimmtándi repúblikaninn sem tilkynnir um framboð sitt. Úr hópi þeirra fimmtán verður einn valinn frambjóðandi flokksins á landsvísi.

Walker er þekktur fyrir að hafa svipt verkalýðsfélög opinberra starfsmanna í Wisconsin samningsrétti sínum. Varð það til þess að hópur kjósenda knúði fram

kosningar þar sem kosið var um hvort víkja ætti honum úr embætti ríkisstjóra. Walker sigraði í þeirri baráttu með yfirburðum.

„Ég býð mig fram til forseta Bandaríkjanna því Bandaríkjamenn verðskulda leiðtoga sem mun berjast fyrir þá og sigra,“ sagði Walker í gær.

„Án þess að fórnar hugsjónum okkar höfum við unnið þrennar kosningar á fjórum árum í fylki hlynntu demókrötum. Við gerðum það með því að vera leiðtogar. Nú

þurfum við að gera slíkt hið sama fyrir Bandaríkin,“ bætti hann við.

Walker mælist með nýu prósentu fylgi á landsvísi og er sá fjórði í röðinni á eftir Donald Trump, Jeb Bush og Rand Paul.

Ef Walker yrði kosinn yrði hann fyrsti forsetinn síðan 1953 sem ekki hefur háskólagráðu. Þá gegndi Harry Truman embættinu.

- þea

FIMMTÁN Scott Walker er nýjasti meðlimurinn í stórum hópi frambjóðenda repúblikana.

NORDICPHOTOS/AFP



ROYAL CORINNA (120x200 cm)
Fullt verð 98.036 kr.
TILBOÐ 78.428 kr.

rekkjan
HEILSURÚM



NOTALEGT Bústaðurinn er lítil og notalegur með veglegum arni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Víkur eftir umfjöllun

Forstjórabústaður Orkuveitunnar við Pingvallavatn hverfur vegna vatnsverndarsjónarmiða en sumarhús í einkaeigu á sama stað fá að standa áfram enn um sinn.

STJÓRNSÝSLA Í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins í ágúst í fyrra kynnti Orkuveita Reykjavíkur þá ákvörðun að rífa forstjórabústað fyrirtækisins í Riðvík við Pingvallavatn.

„Við skoðun á vatnsvernd í Nesjavallahrauninu og við Grámel blasir við að bústaðurinn í Riðvík fái ekki að standa. Þar víkja litlir hagsmunir fyrir stórum,“ sagði í svari Bjarna Bjarnasonar

forstjóra til Fréttablaðsins í september síðastliðnum. Og niðurrífið hófst í gær.

Eins og fram kemur á forsiðu voru 8,9 milljónir króna lagðar í endurnýjun á forstjórabústaðnum á árunum 2008 til 2012. Meðal annars voru gluggar endurnýjaðir og ný klæðning sett utan á húsið. Baðherbergi var tekið í gegn. Sturtuklefi úr því á nú að koma fyrir í sumarhúsi starfsmannafélags OR.

Tíu sumarbústaðir í einkaeigu sem standa í landi Orkuveitunnar á Nesjavallajörðinni eiga með tímanum einnig að hverfa vegna vatnsverndarsjónarmiða. Samningar hafa staðið yfir við eigendur þeirra húsa um áframhaldandi leigu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nú rætt um 15 ára leigutíma en það fékkst ekki staðfest hjá Orkuveitunni í gær.

gar@frettabladid.is



HANDAVINNA Vegur liggur ekki alveg að forstjórabústaðnum og því ekki hægt um vik að koma að stórvirkum vinnuvélum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



VERÐMÆTI Hannes og Óskar ætla að reyna að bjarga nýlegum gluggunum óskemmdum og koma þeim í not.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



NÁTTÚRFEYÐ Sumarhúsið víkur en bátaskýlið blífur því Orkuveitan notar bátana til rannsókna á Pingvallavatni. Í Riðvík synda silungar áfram eins og ekkert hafi í skorist.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns frá Marine Shipping Mutual Insurance Company Limited

Með vísan til 82. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010, sbr. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, tilkynnir Fjármálaeftirlitið fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns:

Breska váttryggingafélagið Marine Shipping Mutual Insurance Company Limited hyggst flytja skaðatryggingastofn sinn til breska félagsins The North of England Protecting & Indemnity Association Limited.

Váttryggingatakar og váttryggðir geta skilað skriflegum athugasemdum til Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu fyrir 8. ágúst nk.

Samkvæmt 4. mgr. 82. gr. fyrrnefndra laga, halda réttindi og skyldur váttryggingataka, váttryggðra og annarra sem hagsmuna hafa að gæta, samkvæmt váttryggingarsamningum, sjálfkrafa gildi sínu við flutning á váttryggingastofni. Váttryggingatakar geta sagt upp váttryggingarsamningi sínum við félagið frá þeim degi sem flutningur stofnsins er heimilaður, tilkynni þeir uppsögn skriflega innan eins mánaðar. Flutningsdagur í þessu sambandi getur ekki verið afturvirkur.

Fjármálaeftirlitið veitir nánari upplýsingar ef óskað er.

Ábendingahnaппinn má finna á www.barnaheill.is



300.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 7.290.000 kr.

Volvo XC90 Summum AWD TJL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.
Ásett verð: 7.590.000 kr.



100.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 750.000 kr.

Citroën C3 SX YZP88
Skráður febrúar 2008, 1,6i bensín, beinskíptur.
Ekinn 120.000 km.
Ásett verð: 850.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



160.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.190.000 kr.

Ciroen Nemo Fourgon Van BHM78
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 2.700 km.
Ásett verð: 2.350.000 kr. í ábyrgð



Verð: 2.590.000 kr.

Volvo S40 Kinetic DBY25
Skráður júní 2010, 2,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 84.000 km.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Verð: 3.790.000 kr.

Honda CR-V SUF36
Skráður nóvember 2010, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 86.000 km.



160.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

Ford Kuga Titanium S IBK27
Skráður des. 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 104.000 km.
Ásett verð: 3.850.000 kr.



160.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.290.000 kr.

Subaru Forester Lux NJT71
Skráður júní 2009, 2,0i, bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 2.450.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



*Skoðaðu fleiri
dæmi hér!*

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING*

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 990.000 kr.

Ford Focus Trend NN019
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 129.200 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



200.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 990.000 kr.

Peugeot 107 Cool SJX04
Skráður júlí 2011, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 67.500 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



Verð: 3.590.000 kr.

Nissan Qashqai SE RID74
Skráður maí 2012, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 56.000 km.



Verð: 890.000 kr.

Toyota Corolla MK444
Skráður maí 2005, 1,4i bensín, beinskíptur.
Ekinn 157.000 km.



200.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.490.000 kr.

Toyota Yaris Hybrid MM590
Skráður janúar 2013, 1,5i hybrid, sjálfskiptur.
Ekinn 27.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr. í ábyrgð



140.000 kr.
í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.750.000 kr.

Nissan Micra Visia OX512
Skráður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 43.100 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.



Verð: 5.450.000 kr.

Volvo V60 Momentum D2 FEM86
Skráður des. 2012, 1,6TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 44.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

**Tilboðsbílarirnir fara
beint á Facebook!**

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

**ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN**



TÖKUM NOTAÐAN
UPPI NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/12, ekinn 72 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 102871.

**Frábært verð!
5.990 þús.**



RENAULT MEGANE Sport Tourer
Nýskr. 05/13, ekinn 52 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr. 131504.



HYUNDAI i40 Comfort
Nýskr. 08/13, ekinn 35 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr. 120694.



RENAULT CLIO Authentic
Nýskr. 03/14, ekinn 30 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 142928.



NISSAN JUKE Acenta
Nýskr. 06/14, ekinn 28 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 191864.



HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 02/13, ekinn 30 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142561.



CHEVROLET Cruze LTZ
Nýskr. 12/12, ekinn 53 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 282451.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



facebook.com/bilaland.is



ÓEINING
Samningurinn
sem Alexis
Tsipras náði
við leiðtoga
evruríkjanna
gæti splundrað
ríkisstjórn
hans.
NORDICPHOTOS/AFP

Skiptar skoðanir um nýjan samning

Evrusvæðið komst að samkomulagi um að veita Grikkjum 86 milljarða evra aðstoð. Alexis Tsipras kallaði viðræðurnar erfiðan bardaga. Samningurinn felur ekki í sér niðurfellingu skulda Grikkja, sem eru sagðir afsala sjálfstæði sínu til ESB.

GRIKKLAND Þjóðhöfðingjar evruríkjanna komust að samkomulagi um nýja neyðaraðstoð fyrir Grikkland í gærmorgun eftir 31 klukkutíma viðræður í Brussel, höfuðborg Belgíu, um helgina. Samkomulagið felur í sér að Grikkir fá á bilinu 82 til 86 milljarða evra.

Samkomulagið felur einnig í sér breytingar á ríkisrekstri í Grikklandi, auk þess sem Grikkjum er gert að einkavæða ýmsar stofnanir.

Ekkert er minnst á niðurfellingu skulda í samkomulaginu. Hins vegar verður mögulegt að breyta skilyrðum varðandi endurgreiðslur svo hægt verði að fresta afborgunum ef nauðsyn krefur.

Fréttastofa The Financial Times greinir frá því að Angela Merkel Þýskalandskanslari og Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, hafi eftir fjórtán tíma fund ákveðið að brotthvarf Grikklands úr evrusamstarfinu væri eina raunhæfa lausnin. Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins,

gekk í veg fyrir þau þegar þau voru að yfirgefa fundarherbergið. „Fyrirgefið þið, en það er ekki möguleiki að þið séuð að fara að yfirgefa þetta herbergi,“ sagði Tusk.

Tsipras sagði í gær að viðræðurnar væru erfiðar bardagi en Grikkir hefðu tryggt sér samning.

Hætta er á að gríska þingið samþykki ekki samninginn þar sem sá hluti Syriza, flokks Tsipras, sem lengst er til vinstri kjósi að hafna samningnum þvert á óskir Tsipras. „Það er óeining innan flokksins. Hluti af embættismönnum Syriza er ekki samþykkur aðferðum forsætisráðherrans,“ hefur Bloomberg eftir Yanis Balafas, starfsmanni Syriza.

Kassamerkið #ThisIsACoup sem á íslensku útleiggst „Þetta er valdarán“ varð eitt það vinsælasta í Evrópu á Twitter í gær. Ræddu þar netverjar það sem kallað var afsal sjálfstæðis Grikkja til Evrópusambandsins annars vegar, því samningurinn sem náðist er keim-



„Fyrirgefið þið, en það er ekki möguleiki að þið séuð að fara að yfirgefa þetta herbergi.“

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins.

líkur þeim sem hafnað var í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr í júlí og hins vegar að Grikkjum er gert að einkavæða ríkiseignir fyrir um 50 milljarða evra.

Hagfræðingurinn Paul Krugman segir í grein sinni í The New York Times að kröfur evrusvæðisins séu brjálæði og þær séu hrein svik við það sem verkefnið um sameinaða Evrópu átti að standa fyrir. Hann segir verkefnið, sem hann hafi alltaf lofað og stutt, hafa mögulega hlotið náðarhöggið í gær.

thorgnyr@frettabladid.is

nettoline

**HÁGÆÐA DANSKAR
ELDHÚSINNRETTINGAR**

STYRKUR - ENDING - GÆÐI

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM,
KLÆÐNINGUM OG EININGUM

Mán. - fim. kl. 09-18 - Föstud. kl. 09-17
Lokað á laugardögum í sumar

**15 ÁRA
STOFNAD 2000**

Friiform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friiform.is

ÞÚ ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttunguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnur við líka uppsetningu og endanlegan frágang. Fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.




Lúxus

*Saltkaramellu
íspinni*



ENN MEIRI LÚXUS

Nýjasti meðlimur Lúxus-fjölskyldunnar er ljúffengur íspinni með seigri saltkaramellu sem við þróuðum í samstarfi við Norðursalt. Þjóðum hann hjartanlega velkominn!



Saltvinnsla Norður & Co. er náttúruvæn og byggist á nýtingu jarðvarma. Þessi sjálfbæra framleiðsla skilur ekki eftir sig koltvísýring heldur aðeins hreina afurð – ferskar og stökkar sjávarsaltflögur.

NORÐURLÖND



Mótmælir nýja stjórnarsáttmálanum

1 DANMÖRK Fyrirverandi ráðherra í Danmörku, Mette Gerskov, er æf yfir þeirri yfirlýsingu í stjórnarsáttmála nýju stjórnarinnar að Danmörk sé kristið land. Gerskov íhugar nú að segja sig úr dönsku þjóðkirkjunni. Það er mat hennar að með þessu sé verið að taka afstöðu gegn múslimum. Ný ríkisstjórn Danmerkur telur nauðsynlegt að leggja áherslu á danska menningu, þar á meðal kristinn menn-ingararf.



Metgróði vegna fjölda flóttamanna

2 SVÍPÞJÓÐ Fyrirtæki sem leigja sænsku útlendingastofnuninni húsnæði fyrir hælisleitendur hafa aldrei þénað jafnmikið. Stærst á markaðnum er fyrirtæki athafnamannsins Berts Karlsson sem hafði í maíbyrjun rúkað stofnunina um nær 131 milljón sænskra króna. Í júlíbyrjun í fyrra var upphæðin hjá sama fyrirtæki 45 milljónir. Útlendingastofnunin í Svíþjóð gerir ráð fyrir að verja 1,3 milljörðum sænskra króna í tilfallandi húsnæði fyrir hælisleitendur.

Bætur vegna lélegra tónleika

3 FINNLAND Neytendastofa í Finnlandi hefur úrskurðað að hægt sé að fá endurgreidda miða á tónleika hafi flutningurinn verið undir væntingum. Aðdáandi Chuck Berry hafði kvartað undan tónleikum hans í Helsinki árið 2013. Berry tjáði viðstöddum hvað eftir annað að sér liði ekki vel. Aðdáandinn fær nú helming miðaverðsins til baka. Forstjóri neytendastofunnar segir að í þessu tilviki hafi menn almennt verið sammála um að tónleikarnir hafi verið misheppnaðir.



FORSETI ÍSLANDS Ólafur Ragnar Grímsson fundaði með sendiherra Kína á Íslandi í gær.

Ólafur ræddi norðurslóðir: Snæddi með Ted Turner

UMHVERFISVERND Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, snæddi kvöldverð með Ted Turner, stofnanda CNN, á Akureyri á sunnudag. Turner er stofnandi Ted Turner-samtakanna sem starfa á sviði umhverfis-verndar. Í ávarpi fjallaði Ólafur um hvernig vaxandi samstarf á norðurslóðum og á Himalajasvæðinu getur nýst í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Þá fundaði Ólafur með sendiherra Kína á Íslandi í gær um þátttöku kínverskra stjórnvalda í Hringborði norðurslóða, Artic Circle, en þing þess verður haldið í Reykjavík í október.

Bankastjórinn telur ódýrara að byggja við Austurhöfn

Bankastjóri Landsbankans segir núverandi húsnæði Landsbankans óviðunandi. Stuttir leigusamningar skapi rekstraráhættu fyrir bankann. Hluti af nýrri byggingu Landsbankans verður notaður undir verslunarrými.

VIÐSKIPTI Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir núverandi húsnæði Landsbankans óviðunandi. Meginþorri húsnæðisins sem Landsbankinn noti í Kvosinni sé leiguhúsnæði og flestir leigusamningarnir á milli eins til þriggja ára. Þetta skapi rekstraráhættu fyrir bankann. Í dag sé húsnæðið sem bankinn rekur starfsemi sína í eins og vöndurhús og það skapi óhagræði. Fyrirhuguð bygging nýrra höfuðstöðva Landsbankans við Austurhöfn í Reykjavík hefur verið harðlega gagnrýnd undanfarna daga. Á meðal þeirra sem hafa gagnrýnt eru þingmennirnir Elín Hirst og Guðlaugur Þór Þórðarson. Steinþór segir aftur á móti að við núverandi húsnæðiskost sé verið að sóa peningum. Það væri 700 milljónum króna ódýrara að koma húsnæðinu í framtíðarmynd en að búa við óbreytt ástand. „Við erum búin að vera að skoða kosti í húsnæðismálum á undanförunum árum. Við viljum vera staðsett þar sem miðstöð verslunar og viðskipta er í landinu. Það er á þessu svæði þar sem Reykja-

víkurborg hefur í aðalskipulagi sagt að eigi að vera aðalviðskiptaásinn, frá miðbænum og að Kirkjusandi,“ segir Steinþór. Lóðin við Austurhöfn hafi fengist á góðu verði. „Þar er búið að grafa og jarðvinnan er að mestu búin. Gatnagerðargjöld eru innifal-in. Við borgum 58 þúsund krónur fyrir fermetrann,“ segir Steinþór og bendir á að lóðaverðið sé vægt, sé horft til þess að búið er að vinna jarðvegsvinnuna. Steinþór segir lóðina vera hagstæðari en ef keypt væri lóð annars staðar, eins og við Borgartúnið. „Vegna þess að það er búið að byggja mikið af bílastæðum við Hörpuna, sem eru tóm á daginn en full á kvöldin, það er því mikil samnýting. Og við munum þess vegna byggja miklu færri bílastæði þarna í Austurhöfninni heldur en ef við værum einhvers staðar við Borgartúnið eða í nágrenni,“ segir Steinþór. Hann tekur fram að bílastæðin séu mjög dýr í byggingu og ítrekar að þegar allt komi til alls sé þetta ódýrari lausn en að byggja höfuðstöðvar annars staðar.



AUSTURHÖFN Svona mun svæðið við Austurhöfn líta út með nýrri byggingu Landsbankans.

„Til viðbótar við þetta má nefna að í deiluskipulagi er gert ráð fyrir að hluti af jarðhæðinni verði nýttur í aðra starfsemi þannig að byggingin mun hýsa fleira en bara bankann,“ segir Steinþór. Það verði því byggt verslunarpláss og því ráðstafað til annarra aðila, annaðhvort með leigu eða sölu á hluta húsnæðisins.

jonhakon@frettabladid.is



Við viljum vera staðsett þar sem miðstöð verslunar og viðskipta er í landinu

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.

LOKSINS AFTUR SUMAR...ÍS

ÍSINN SEM FÆRIR ÞÉR SUMARIÐ ER KOMINN AFTUR. EKTA RJÓMAÍS MEÐ KÓKOS, ÁSTARALDINI, MANGÓ OG SÚKKULAÐIDROPUM.

Rjómaís með kókos, ástaraldin, mangó og súkkulaðidropum

emmessis

-Toppurinn á ísnum



TÍMAFREKT Langan tíma gæti tekið að ná tókum á saur-gerlamengun í Eyjafirði, að mati Norðurorku.

Nokkur ár gæti tekið að laga skolpmál í Eyjafirði: Skolp rennur út í sjó

AKUREYRI Mörg ár gæti tekið að laga fráveitukerfi Akureyringa svo mengun af völdum saurgerla haldist innan viðmiðunarmarka í sjó við strendur bæjarins. Nýleg sýnataka heilbrigðiseftirlitsins sýndi of háan styrk saurkóligerla og er það í þriðja sinn sem styrkurinn er yfir viðmiðunarmörkum. Sýni sem tekin voru fyrir helgi sýna að magn saurgerla er innan viðmiðunarmarka við Pollinn á Akureyri en styrkurinn mældist tífalt yfir mörkum norðan byggðarinnar. Í júní mældust mest 79.000 saurgerlar í 100 millilítrum af sjó en viðmiðið er 100 saurgerlar í því magni af sjó. Baldur Dýrfjörð, upplýsinga-fulltrúi Norðurorku sem heldur utan um fráveitukerfi á Akureyri, segir lagfæringar á kerfinu geta

tekið nokkur ár. Kerfið sé tvöfalt eins og víðast hvar annars staðar í stærri bæjarfélögum. „Einhvers staðar er svokölluð slysatenging, sem lýsir sér í því að pípulögnum frá húsum bæjarins er víxlað í fráveituna og því fer skolp með yfirborðsvatni og á greiða leið í sjó fram,“ segir Baldur. Alfreð Schiöth, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, segir það geta tekið nokkur ár að komast að því hvar gloppur eru í kerfinu og laga mögulegar slysatengingar. Norðurorka vinnur nú að því að komast til botns í því hvar þessar slysatengingar eru. „Eins og gefur að skilja gæti þetta tekið langan tíma. Það tók til dæmis nokkur ár að komast til botns í svipuðu vandamáli við Fossvoginn á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum á síðustu áratugum unnið gott starf í að koma skólpmálum bæjarins í gott horf og munum halda þeirri vinnu áfram,“ segir Baldur.

Áform skili sér til neytenda:
Vilja afnema
tolla á matvæli

EFNAHAGSMÁL Neytendasamtök-in harma að ekki eigi að afnema tolla af matvælum samhliða því að aðrir tollar verði felldir niður. „Ef bæta á stöðu heimilanna með afnámi tolla er það best gert með afnámi tolla á matvörur,“ segir í frétt á vef Neytendasamtakanna. Samtökin fagna þó áformum um afnám tolla af öðrum vörum. Á vefsíðunni segir einnig að mikilvægt sé að stjórnvöld tryggi að eftirlit verði með afnámi tolla.

- ih



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI Atvikið átti sér stað stutt frá húsnæði ríkislögreglustjóra.

Mildi að ekki fór verr:

Björguðu konu
úr köldum sjó

BJÖRGUN Sérsvartarmenn ríkislögreglustjóra björguðu konu úr sjónum við Sæbraut í gær.

Starfsmenn Ríkislögreglustjóra urðu varir við hróp og köll við húsnæði embættisins við Sæbraut í gær.

Sérsvartarmennirnir hlupu út og sáu konu um 50 metra frá landi í köldum sjónum.

Fólk á bakkanum hafði reynt að telja konuna af því að fara í sjóinn en án árangurs.

Sérsvartarmaður synti á eftir konunni sem gerði enga tilraun til að synda til lands. Sérsvartarmaðurinn synti björgunarsund með hana í land og sjúkraliðar voru kallaðir til að hlúa að henni.

Björgunarmenn höfðu ekki tíma til að klæðast þurrbúningi og þykir því mildi að ekki fór verr.

- sfs



VICTOR PONTA Forsætisráðherrann er sakaður um skattsvik og peningabætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Segir af sér formennsku:

Ponta kærður
fyrir spillingu

RÚMENÍA Victor Ponta, forsætisráðherra Rúmeníu, hefur verið kærður fyrir víðtæka spillingu.

Hann sagði af sér sem formaður Jafnaðarmannaflokksins í Rúmeníu á sunnudaginn en starfar áfram sem forsætisráðherra.

Honum er gert að sök að hafa stundað skattsvik og peningabætti áður en hann tók við sem forsætisráðherra Rúmeníu árið 2012.

Þegar ásanir um spillingu komu upp á yfirborðið fyrir nokkrum vikum kallaði Klaus Iohannis, forseti Rúmeníu, eftir því að Ponta segði af sér.

Ponta hefur neitað að segja af sér en hann nýtur þingverndar meirihluta Jafnaðarmannaflokksins og stuðningsflokka hans á rúmenska þinginu.

Stuðningsmenn Ponta segja að ásanirnar og ákærurnar séu hluti af pólitískri herferð andstæðinga hans.

- sfs

Ráðist hefur verið í umfangsmiklar aðgerðir til að finna strokufangann Joaquin Guzman í Mexíkó:

Strokið þykir mikið áfall fyrir forsetann

MEXÍKÓ Hlið hafa verið sett upp á hraðbrautum, landamæragæsla stórlega eflað og flugvöllum hefur verið lokað í tilraun Mexíkómanna til að fanga eiturfjagaróninn Joaquin Guzman sem strauk úr öryggisfangelsi á laugardag. Aðgerðirnar hafa ekki borið árangur.

Strok Guzmans þykir mikið áfall fyrir forseta Mexíkó, Enrique Peña Nieto. Yfirvöld náðu að handsama Guzman í fyrra eftir að hann hafði strokið árið 2001. Var forsetinn þá spurður af blaðamanni hvort möguleiki væri á að Guzman gæti strokið aftur.

„Það væri meira en óheppilegt. Það væri ófyrirgefanlegt. Ríkisstjórnin mun gera ráð-

stafanir til að tryggja að það gerist aldrei aftur,“ svaraði forsetinn.

Peña Nieto lofaði þjóð sinni í gær að handsama Guzman á ný.

Peter Bensinger, fyrrverandi framkvæmdastjóri DEA, fíkniefnalögreglu Bandaríkjanna, sagði í gær að strok Guzmans væri mikið áfall og að hann hefði átt að vista í bandarísku fangelsi. Bandaríkin höfðu krafist framsals Guzmans, sem er ákærður fyrir fíkniefnabrot.

Peña Nieto hefur barist fyrir því að Mexíkó rétti yfir og fangelsi eigin stórglæpamenn í stað þess að framselja þá til Bandaríkjanna eins og áður var.

- þea



STRAUK Forseti Mexíkó sagði á sínum tíma ófyrirgefanlegt ef Joaquin Guzman næði að strjúka aftur.

NORDICPHOTOS/AFP



BOSCH

Nýjar „topClass“
upppvottavélar
frá Bosch



Upppvottavél, SMU 69T42SK [hvít]:

Kynningarverð: 149.900 kr.

Fullt verð: 179.900 kr.

Upppvottavél, SMU 69T45SK [stál]:

Kynningarverð: 159.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.



Hægt er að koma fyrir hnífapörum, ausum, expressó-bollum og litlum fylgihlutum í hnífaparaskúffunni.



Neðri grind, efri grind og hnífaparaskúffa.

Framúrskarandi upppvottavélar frá Bosch í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu kynningarverði.

Orkuflokkur A+++. Sérlega hljóðlátar: 40 dB.

Sex kerfi: Sjálfvirk 65 - 70° C, sjálfvirk 45 - 65° C, sjálfvirk 35 - 45° C, sparnaðarkerfi Eco 50° C, hraðkerfi 45° C og forskulun.

Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa, kraftþvottur á neðri grind og hálf vél. Fyrir 14 manna borðbúnað.

Við ábyrgjumst gæði.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18.

BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Höfuðstöðvar Landsbankans eru vanhugsaðar:

Þjóðin borgar

Landsbankinn hyggst reisa nýjar höfuðstöðvar við Austurhöfn í Reykjavík. Byggingin mun hýsa alla miðlæga starfsemi bankans og gera áætlanir ráð fyrir að rekstrarkostnaður vegna húsnæðis lækki um 700 milljónir króna. Þá gerir Landsbankinn ráð fyrir að fjárfestingin muni borga sig á um tíu árum. Nýbyggingin verður tæplega 15 þúsund fermetrar að stærð auk þess sem þar verður um tvö þúsund fermetra kjallari fyrir tæknirými og annað, auk bílajakjallara undir húsinu.

Landsbankinn hefur lengi kvartað yfir lélegri aðstöðu en starfsemi hans er nú hýst í 16 mismunandi byggingum sem fæstar voru reistar með nútímabankastarfsemi í huga. Ekki er lengra en ár síðan forsætisráðherrann og skipulagsáhugamaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði í svari sínu í óundirbúnum fyrirspurnum um nýbygginguna á Alþingi að honum þætti óneitanlega mjög sérkennilegt ef menn væru farnir að velta því fyrir sér, einungis fimm árum eftir að bankinn fór í þrot, að byggja nýjar höfuðstöðvar, enda hefði bankinn skroppið mikið saman í framhaldi af hruninu. „Ég tala nú ekki um ef það yrði risastór glerhöll á dýrasta stað borgarinnar, og þar með landsins“, sagði Sigmundur. Ári áður sagði ráðherrann að hann teldi útilokað að ríkisbankinn myndi byggja nýjar höfuðstöðvar á næstunni og að það væri afleitt ef miðbærinn yrði alveg lokaður frá hafinu og útsýninu að Esjunni með stórbyggingum sem væru alveg úr takt við gamla miðbæinn. Sigmundur, sjálfum sér samkvæmur, bætti því við að frekar ætti að líta til þess hvernig byggðin var áður en hún vék fyrir áformum um stórbyggingar og bílastæðum.

Þjóðin hefur, rétt eins og þegar Harpan var byggð, mismunandi skoðanir á þeirri staðsetningu sem fyrir valinu hefur orðið eins og sjá má í tilsvörum forsætisráðherra. Þá hefur verið deilt á forsvarsmenn Landsbankans fyrir íburðinn sem í ráðahagnum felst. Brýnna sé að þjóða landsmönnum upp á betri lánakjör en að eyða þeim fjármunum í nýjar glæsihöfuðstöðvar. Á síðasta aðalfundi Bankasýslunnar kom fram að arðsemi Landsbankans er of lág, þegar litið er fram hjá svokölluðum einkisþingliðum. Bankasýslan hefur lagt á það áherslu að bæta þurfi reglubundinn rekstur bankans með lækkun kostnaðar og aukningu þjónustutekna.

Landsbankinn er að nánast öllu leyti í eigu íslenska ríkisins. Íslenskur bankamarkaður einkennist af fákeppni, þar sem stóru bankarnir þrír, Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki, ráða yfir um 90 prósentum af markaðnum. Frosti Sigurjónsson, þingmaður og hagfræðingur, sagði í grein í Fréttablaðinu að á slíkum fákeppnismarkaði væri hætt við að samkeppni yrði ekki nægilega hörð til að tryggja viðskiptavinum bestu kjör. Bankar auki arðsemi sína með því að auka vaxtamun og gjaldtöku eða gera líkt og Bankasýslan hefur beðið um – lækka kostnað. Hætt er við að allt þetta verði gert á kostnað almennings – ofan á átta milljarða nýbygginguna.

Landsbankinn er að nánast öllu leyti í eigu íslenska ríkisins. Íslenskur bankamarkaður einkennist af fákeppni, þar sem stóru bankarnir þrír, Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki, ráða yfir um 90 prósentum af markaðnum. Frosti Sigurjónsson, þingmaður og hagfræðingur, sagði í grein í Fréttablaðinu að á slíkum fákeppnismarkaði væri hætt við að samkeppni yrði ekki nægilega hörð til að tryggja viðskiptavinum bestu kjör. Bankar auki arðsemi sína með því að auka vaxtamun og gjaldtöku eða gera líkt og Bankasýslan hefur beðið um – lækka kostnað. Hætt er við að allt þetta verði gert á kostnað almennings – ofan á átta milljarða nýbygginguna.

Landsbankinn er að nánast öllu leyti í eigu íslenska ríkisins. Íslenskur bankamarkaður einkennist af fákeppni, þar sem stóru bankarnir þrír, Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki, ráða yfir um 90 prósentum af markaðnum. Frosti Sigurjónsson, þingmaður og hagfræðingur, sagði í grein í Fréttablaðinu að á slíkum fákeppnismarkaði væri hætt við að samkeppni yrði ekki nægilega hörð til að tryggja viðskiptavinum bestu kjör. Bankar auki arðsemi sína með því að auka vaxtamun og gjaldtöku eða gera líkt og Bankasýslan hefur beðið um – lækka kostnað. Hætt er við að allt þetta verði gert á kostnað almennings – ofan á átta milljarða nýbygginguna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeintumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hversu mikið hefur eignin þín **hækkað** í verði?

Þú getur komist að því með **fríu** verðmati.



Kristján P. Hauksson
Sölufulltrúi.

696 1122

kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.

510 7900

www.fastlind.is



Framúrskarandi þjónusta í þína págu

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kergja vegna kleinuhringja
Bandaríska kleinuhringjakeðjan Dunkin Donuts stefnir að opnun kaffihúss við Laugaveg. Einn þeirra sem hafa fárast yfir keðjunni og staðsetningunni er Egill Helgason þáttarstjórnandi, sem segir á Facebook-síðu sinni: „Staðir eins og þessi eru eitruð borgarmenningunni.“ Egill er ekki sá eini sem er full yfir kleinuhringjunum en Illugi Jökulsson, rithöfundur og blaðamaður, tekur hressilega undir orð Egils og segist munu leggja sig allan fram um að banna öllum sem hann þekkir að mæta á staðinn.

Kvennalista-bleikt

Bleiki liturinn virðist fara sérstaklega fyrir brjóstid á

fólki. Þá segir Illugi að ástæðan fyrir sniðgöngu sinni á kleinuhringjunum sé „ljótt nafn, ljót graffík og ljótur litur sem passi einstaklega illa inn í þetta hús“. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er sama sinnis og segir: „Það er hægt að sula með liti eins og mönnum sýnist í Reykjavík.“ Þetta er hin undarlegasta afstaða. Andstaðan snýst sem sagt ekki um að risavaxin keðja komi hingað til lands með tilheyrandi erfiðleikum fyrir minni kaffihús og einyrkja. Andstaðan snýst um litríkari miðbæ. Ofboðslega er það grá-móskulegt viðhorf til lífsins.

Svo er húsið hvítt. Hvaða litur passar ekki við hvítt?

Flótti úr Þjóðkirkjunni

Á þriggja mánaða tímabili, frá byrjun

apríl til loka júní í ár, gengu 598 manns úr Þjóðkirkjunni. Þetta samsvavar 6,5 manns á hverjum einasta degi á tímabilinu. Hvað veldur því að slíkur fjöldi segir skilið við kirkjuna núna? Fá, ef nokkur, hneykslismál hafa hrist í kirkjunni síðan frú Agnes biskup tók við embætti. Engin umdeild mál tengd niðingsskap og enginn hefur opinberað andstöðu sína gegn samkynhneigð eða neinu öðru í raun og veru. Fólk virðist hafa óþol fyrir kirkjunni og vera tilbúið að leggja á sig töluvert vesen til að láta skattana sína frekar renna í ríkissjóð. Kannski Þjóðkirkjan sé orðin úrelt stofnun í huguna hluta þjóðarinnar. Og það að velja konu sem biskup hafi ekki fært kirkjuna nær nútímanum.

snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



Er þörf á Samstöðu?

STJÓRN MÁL



Ari Trausti Guðmundsson
Áhugamaður um þjóðmál

Þrátt fyrir að hafa hætt þátttöku í pólitískum samtökum á vinstri vængnum upp úr 1984 fannst mér rétt að reyna að hafa áhrif á stofnun Samfylkingarinnar (1999) sem raunverulegrar samfylkingar nánast allra vinstri manna. Til þess ræddi ég við fáeina lykilkarla og lykilkonu en allt kom fyrir ekki. Því miður.

Grunnhugmyndin að regnhlífarsamtökum félagshyggjufólks var ættuð frá Frakklandi og haldið á lofti af Vilmundi heitnum Gylfasyni. Gamalreind en erfið aðferðafræðin felst í að fólk komi sér saman um helstu stefnumál og starfshætti sem duga til að móta og reka félagslega og hagfræðilega sjálfbært samfélag til næstu ára en geti eftir sem áður deilt um grunngerðina – kapitalisma, sósíalisma, þingræði, lýðræði, alþýðuvöld og fleira sem helstu grunnhugtök stjórnmála taka til og menn leggja ólíkan skilning í. Ávinningurinn felst í að hafa nægilega öflugan stuðning almennings, í gegnum kosningar, þingbundið lýðræði, endurskoðaða stjórnarskrá og virk samskipti við þúsundir (utan regnhlífarsamtakanna), til að reka mannvænna samfélag en nú er við lýði, til a.m.k. kosti áratugar. Nú til dags er komin ný vídd inn í þá vinnu: Umhverfismál og hugmyndir um sjálfbær samfélög á heimsvísu.

Fimmtán ára vegferð, lengst af með

Samfylkinguna og Vinstri græna sem aðal-leikara á vinstri væng stjórnmálanna, hefur verið þannig að hann hefur koðnað niður, flest samtök launafólks týnt biti og samstöðu og kreppur nagað stóðir samfélagsins jafnt sem efnahag allt of margra. Í vökinni hefur vaxið hópur félagshyggjufólks, sjóræningjarnir, sem um 30% kjósenda binda vonir við. Enginn veit hvað sprettur af nýjabrumi hvert vor en hitt má benda á: Það er löngu kominn tími til að framboðin/flokkarnir þrír sem samantlagt hafa enn kosningafylgi um 25-30%, S, Bf og Vg, horfi jafnt inn á við sem út á við og spyrji spurninga eins og þessara: Getum við unnið saman sem starfhæf eining (samfylking), að hverju og þá hvernig? Getum við virkjað félagshyggjufólk utan flokkanna, m.a. í nokkrum litlum samtökum, og þá hvernig?

Getum við tekið í hendur sjóræningja og fundið breiðan samstarfsgrunn? Flokkarnir fjórir hafa engu að tapa í þessum efnum. Það á að ræða stofnun Samstöðu. Næstu árin mun öll grunngerð íslensks þjóðfélags og flestra annarra samfélaga veraldar væntanlega ekki umturnast. En sífellt erfiðari verkefni í íslenskum fjármálum, umhverfismálum, öryggismálum og félagsþjónustu útheimta stjórnmálalafl sem getur verið fulltrúi mannúðar og skynsemi.

Fyrst Þingvellir svo allir hinir!

Gestkomandi vinkona okkar dvaldi hjá okkur um einnar viku skeið um síðustu mánadagmót. Við fórum víða um, skoðuðum söfn í Reykjavík, Bláa lónið, Krísvík og Víkingasafnið í Reykjanesbæ. Fórum á Þingvöll, Gullfoss og Geysi, komum við í Hveragerði, skoðuðum Kerið í Grímsnesi (án þess að borga), ókum til Víkur og á Kirkjubæjarklaustur þar sem við borðuðum silung þeirra staðarmanna, áður höfðum við horft á kvikmyndasýningu á Þorvaldseyri. Ókum síðan í Skaftafell og Jökulsárlón. Á ferðum okkar höfðum við stundum með okkur nesti, en oftast snæddum við á veitingastöðum. Við skoðuðum verslanir í Reykjavík. Í bókabúð keypti gesturinn íslenskar barnabækur í enskri þýðingu, auk mynda- og fróðleiksbóka um Ísland og hjá Koggu voru keyptir listmunir.

STJÓRN MÁL



Ögmundur Jónasson alþingismaður

að rukka okkur fyrir að leggja bíl í þjóðgarðinum á Þingvöllum og þá væntanlega með tilheyrandi vörðum og rukkunarvélum.

Er þetta virkilega eftirsóknarvert?

Almennir skattar dreifast eftir efnun og ástæðum þeirra sem borga. Það gera notendagjöld hins vegar ekki. Almennt eru notendagjöld ranglátir skattar.

En það er ekki nóg með það. Yfirbragð staðanna breytist. Allt breytist í verslunarvörum. Opna frjálsa Ísland verður að Íslandi gjaldtökunnar, stimpilvélna, varðanna...

Koggu vegni vel

Ég vona að Koggu gangi vel og Víkingasafninu og fjölskyldunni á Þorvaldseyri og Sildarminjasafninu á Siglufirði og öllum hinum söfnunum og fólkinu sem er að skapa og selja. Við hin hjálpum þessu fólki með því að sjá fyrir gjaldfrírri grunnþjónustu svo skapandi atvinnustarfsemi í ferðaiðnaðinum fái þrífist.

Ég er ekki andvígur því að borga skatta til samfélagsins og er ég því mjög hliðhollur að hluti þessa skattfjár fari til náttúruverndar og uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Bara byrjunin!

Fjölskylda sem fer um landið og þyrfti að borga við helstu náttúruperlur aðgangseyri eða gjald fyrir að leggja bíl gæti orðið fyrir þónokkrum útgjöldum. Það þarf enginn að ímynda sér að látið yrði

→ Það verður dýrt að skoða Ísland framtíðarinnar ef þessi gjaldtaka verður ekki stöðvuð.

staðar numið við þjóðgarðinn á Þingvöllum. Formaður atvinnuveganefndar Alþingis lýsti því yfir í vor að hann vildi heimila einkaaðilum að rukka – og sekta – fyrir bílastæði. Og í Fréttablaðinu í byrjun vikunnar tekur þjóðgarðsvörður á Þingvöllum undir þetta sama sjónarmið. Haft er eftir honum að rukkun á Þingvöllum sé aðeins byrjunin. Aðrir ferðamannastaðir muni fylgja í kjölfarið og einkaaðilar geti þá einnig rukkað. Þjóðgarðsmenn væru með öðrum orðum einfaldlega að ríða á vaðið. Það sem vekur ugg er óendanleg græðgi í mörgum sem vilja gera ferðamenn að gróðalind og ásetningur stjórnvalda að koma á gjaldtöku óháð eignaraðild. Þetta gerir gjaldtöku á Þingvöllum að stórvarasömu fordæmi og fyrirmynd auk þess að skemma yfirbragð Þingvalla.

Dýrt yrði að sýna börnunum okkar Ísland

Það verður dýrt að skoða Ísland framtíðarinnar ef þessi gjaldtaka verður ekki stöðvuð. Nú ríður á að fram fari kröftug umræða um þetta mál. Það er stærra en svo að það verði afgreitt í kyrrþey.

Óskandi væri að hugmyndin um gjaldtöku á Þingvöllum verði endurskoðuð.

Alls staðar opin veski

Alls staðar sem við fórum var mikill fjöldi ferðamanna. Sjá mátti að veitingastaðir í Reykjavík voru margir yfirfullir, öll hótél bókuð og úti á landsbyggðinni var okkur sagt að sums staðar væri enga gistingu að fá. Allt bókað. Alls staðar gat að líta fólk með seðla og greiðslukort á lofti.

Það gefur auga leið að miklir peningar streyma inn í þjóðarþúð því þeir sem selja varning og þjónustu fá eitthvað fyrir sinn snúð og þarna myndast einnig myndarlegir skattstofnar fyrir ríki og sveitarfélög.

En mikið vill meira. Fjölmíðlar greina okkur nú frá því að til standi

Opin fyrirspurn til dagskrárstjóra

Nú er mér allri lokið. Var þá ekkert að marka öll fögru orðin um menningarhlutverk og menningarstarf Ríkisútvarpsins og nauðsyn þess að halda því áfram og efla það? Þær tvær konur sem nú eiga að taka pokann sinn, eru meðal þeirra fáu starfsmanna Ríkisútvarpsins (sem eftir eru) sem enn gera áheyrilega og fróðlega þætti, þætti sem segja manni eitthvað spennandi, framandi og nýtt, eitthvað sem víkkar sjóndeildarhringinn. Þætti sem gera Ríkisútvarpið að útvarpi með menningarhlutverk og sem sinnir menningarstarfi. Þarna á að reka tvær konur sem kunna sitt fag, kunna á miðilinn, kunna að tala til hlustenda, hafa gríðarlega reynslu í dagskrárgerð og ómetanlega þekkingu sem þær kunna að koma til skila í einmitt þessum miðli. Og ef á að reka Hönnu G. Sigurðardóttur, því þá ekki Leif Hauksson líka? Og ef á að reka Sigríði Stephensen, því þá ekki Kjartan Guðmundsson líka? Eða stendur það kannski til – bara

MENNING



Ingunn Ásdísardóttir þýðandi og þjóðfræðingur

→ Fyrir hverja, ef ég má spyrja, varst þú sjálfur með þætti um Birting um daginn.

svona rétt bráðum? Bara ekki alla í einu eins og Páll gerði.

Próstur Helgason, er það þín einlæg sannfæring að þessi ráðstöfun verði Rás 1 til góðs? Er það þín einlæg sannfæring að enginn hlusti á Rás 1? Og er það þín einlæg sannfæring að þeir fáu sem það þó gera séu einskis verðir og það þurfi ekkert að taka tillit til þeirra?

Svör óskast í opinberum miðli.

Hvernig þætti vilt þú fá?

Fyrir hverja, ef ég má spyrja, varst þú sjálfur með þætti um Birting um daginn? Hélt þú að enginn myndi hlusta á þá? Eða héltu kannski að við sem hlustum á Rás 1, vildum bara hlusta á þá en ekki á neitt annað markvert og fróðlegt sem boðið er upp á á Rás 1? Eða héltu kannski að þeir væru svo miklu betri en allir

aðrir þættir sem annað dagskrárgerðarfolk gerir, að þeir væru boðlegri og hinu mætti úthýsa?

Svör óskast í opinberum miðli.

Og ég leyfi mér að spyrja hvernig þætti vilt þú fá á Rás 1 – með nýjum þáttagerðarmönnum sem þú ætlar væntanlega að ráða í stað hinna reknu, og ég leyfi mér að efast um að þú finnr reynslumeira fagfólk en þær sem þú nú rekur? Eiga það að verða þættir um málefni líðandi stundar? Eiga það að verða tónlistarþættir? Eiga það að vera þættir um menningu og listir? Eiga það að vera þættir um eða með sagnfræðilegu ívafi? Eiga það að vera þættir sem segja fólki eitthvað, fræða það, víkka sjóndeildarhring þess, etc? Eða eiga það að vera kjaftaþættir um allt og ekkert?

Svör óskast í opinberum miðli.

Í allra síðasta lagi, vil ég sem einn af eigendum þessarar stofnunar – og dyggur hlustandi ásamt fjölda annarra (þó að þér finnist það kannski ekki nógu margir) fá að vita skýrt og greinilega hvað átt er við með eftirfarandi fremur hrollvekjandi orðum „gjörbreyta eðli og anda Rásar 1“?

Svör óskast í opinberum miðli.

Keikó í bernaise-sósu, svar

Í síðustu viku las ég bráðfyrndna grein eftir Sif Sigmarsdóttur sem bar yfirskriftina „Keikó í bernaise-sósu“. Þar var á skemmtilegan hátt bent á óhagkvæmni hvalveiða fyrir þjóðarþúð í ljósi þess að skaðinn sem þær valda á ímynd landsins, ferðamannaíðnaðnum og útflutningi lambakjöts, er margfalt meiri en nokkurn tíma hagnaðurinn sem af þeim hlýst. Það er því borðleggjandi að hvalveiðar eru heimskulegar því þær eru óhagkvæmar. Greinarhöfundur tók líka skýrt fram að hún hefur engar taugar til dýra, finnst þau almennt ekki krúttleg, langar á dádýrasteik þegar hún sér Bamba og gæti vel hugsað sér Keikó í bernaise-sósu. Þessi aftenging við dýrin og

SAMFÉLAG



Íris Ólafsdóttir rafmagnsverkfræðingur

fullkomni skortur á samkennd með þeim gerir röksemdafærsluna gegn hvalveiðum trúverðugri þar sem hún byggist ekki á tilfinningasemi.

Ég gladdist því mjög við að lesa grein Sifjar því ég veit að einungis sjónarmið hagræðingarinnar ná til sumra og hjá þeim er einmitt tilfinningasemi eða samkennd með dýrum alitin löstur, veikleiki, rökleysa.

Segjum nú sem svo að í samfélaginu væru hópar sem er illa við Kínverja, hata konur, fyrirrita heyrnarlausu og gætu vel hugsað sér að gæða sér á mannlegu ungviði. Þótt það hljómi fátíðilega, þá á einhverjum stað, á einhverjum tíma, í sögu mannkyns hefðu þessi sjónarmið verið viðurkennd. Í dag eiga þau erfitt upp-

dráttar, þökk sé auknum þroska samfélaganna. Og í þeirri þróun spilar einmitt samkenndin og tilfinningasemin lykilhlutverk. Í nútíma menningarsamfélagi er hagkvæmni þessara hópa málinu óviðkomandi.

Að sama skapi á það ekki að skipta neinu máli hvort veiðar á yfirburðagreindri skepnu í útrýmingarhættu séu hagkvæmar eða ekki. Það kemur málinu hreinlega ekki við. Í þróðuð menningarsamfélagi á að gera samkennd hærra undir höfði því eftir allt saman er það hún sem hefur komið okkur áfram, hún er mikilvægari en rök efnishyggunnar eins og mannréttindabaráttan hefur leitt í ljós. Já, það væri hagkvæmast ef þjóðfélagið losaði sig við þá sem ekki geta framfleytt sér, en sem betur fer erum við komin miklu miklu lengra.

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Berjavellir 3 - Hafnarfirði

Opið hús í dag milli 17 til 17:30.



Falleg þriggja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli, lyfta í húsinu, 2 svefnherbergi, björt stofa og eldhús í opnu rými. Stórar svalir. Falllegt baðherbergi. Gott aðgengi. Eign sem vert er að skoða.

V. 27,9 millj. Hlynur Halldórsson sölumaður tekur á móti ykkur.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÖÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIN HÚS Í DAG

Kirkjulundur 14 – Garðabæ. 4ra herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



Glæsileg 136,5 fm. útsýnisíbúð á 2. hæð í vönduðu lyftuhúsi. Yfirbyggðar flísalagðar svalir til suðvesturs með fallegu útsýni að Reykjanesinu og víðar. Sér bílastæði í bílageymslu í kjallara. Íbúðin er mjög smekklega innrétuð úr vönduðum efnunum. Hvíttað eikarparket með kvistum er á gólfum og granít er í gluggakistum og á öllum borðplötum. Þrjú herbergi. Strímlagardínur eru í allri íbúðinni. Frábær staðsetning með tilliti til þess hversu stutt er í alla þjónustu. **Verð 59,9 millj.**

Íbúð merkt 0204. Verið velkomin.

Strandvegur 11 - Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



Glæsileg 140,4 fm. íbúð með tveimur baðherbergjum á 3. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi á sjávarkambinum við Strandveg í Garðabæ auk sér stæðis í bílageymslu. Tvennar svalir til suðurs og vesturs og frábært sjávarútsýni. Hjónasvita með baðherbergi og fataherbergi innaf. Vandaðar innréttingar og gólfefni úr eik. **Verð 57,9 millj. Frábær staðsetning alveg niður við sjóinn í Sjálandinu og stutt í göngu- og hjólaleiðir.**

Íbúð merkt 0304. Verið velkomin.

+

Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,
SIGURVEIG ERLINGSDÓTTIR
frá Ásbyrgi,
Lundi 1, Kópavogi,
sem lést á heimili sínu þann 6. júlí, verður
jarðsungen frá Kópavogskirkju föstudaginn
17. júlí kl. 13.00.

Sigrún Jónasdóttir
Helga Jónasdóttir
Jón Erlingur Jónasson
Úlfhildur Jónasdóttir

Björn E. Johannessen
Tómas Þór Tómasson
Védis Jónsdóttir
Þorsteinn S. Karlsson
og barnabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
EDDA ÓSKARSDÓTTIR
Kópavogsbraut 1a,
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi
laugardaginn 11. júlí. Útför auglýst síðar.
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á
líknarfélög.

Óskar Guðjónsson
Jón Steinar Guðjónsson
Guðlaugur H. Guðjónsson
Elín Björg Guðjónsdóttir

Konný R. Hjaltadóttir
Anna P. Guðmundsdóttir
Guðrún S. Jónsdóttir
Ólafur J. Stefánsson



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
SIGURÐUR ÞORSTEINN
NIKULÁSSON
lést á heimili sínu 10. júlí. Útför hans fer fram
frá Lindakirkju, föstudaginn 17. júlí, kl. 15.00.

Ingibjörg Þórdís Sigurðardóttir
Steinunn Helga Sigurðardóttir
Sigrún Sigurðardóttir

Gunnar Páll Gunnarsson
Jón Þorgeir Einarsson



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR
hjúkrunarfræðingur,
lést á Droplaugarstöðum þann 29. júní sl.
Úförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Alúðarþakkir til starfsfólks
Droplaugarstaða sem annaðist hana sl. átta ár.

Fyrir hönd ástvina,
Anna Guðmunds
Baldur Andrésson

Haraldur Þorsteinsson
Rosenda Rut Guerrero



+

Elskulega dóttir okkar, eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og systir,
KATRÍN TÓMASDÓTTIR
Laxatungu 11, Mosfellsbæ,
lést á Landspítalanum 12. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

Tómas Lárusson
Páll Kristjánsson
Fannar Pálsson
Bylgja Pálsdóttir
Ágúst Tómasson

Hrafnhildur Ágústsdóttir
Agnes Ágústsdóttir
Sæmundur Örn Kjærnested



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
MARTHA MARÍA SANDHOLT
Hátúni 8, Reykjavík,
lést á Borgarspítalanum aðfaranótt
10. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 17. júlí kl. 13. Þeim sem vilja
minnst hennar er bent á KFUM og KFUK á
Íslandi.

Jenny Irene Sörheller
Stefanía Sörheller

Haraldur Hjartarson
Einar Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



ÞETTA GERÐIST 14. JÚLÍ 1962

Hótel Saga opnuð með pomp og prakt

Hótel Saga var tekin í notkun þennan dag árið 1962, og var Þorvaldur Guðmundsson fyrsti hótelstjórinn. Þessa fyrstu nótt voru öll þrjátíu herbergin nýtt, og gisti fólk hvaðanæva úr heiminum, svo sem hópur frá Sviss, Norðmenn og Svíar. Þá vígði bóndi nokkur, Sigmundur Sigurðsson í Syðra-Langholti í Hraunamannahreppi, eitt þessara rúma. Var upphaflega gert ráð fyrir hesthúsi í byggingarskipulagi hótelsins, en því var breytt í ljósi þess að árið 1962 voru flestir bændur komnir á bíl, og varð því meintu hesthúsi umbreytt í svokallaðan Áttagasal, sem nú þekktist sem Sunnusalur, og þar gæða gestir sér á morgunverði í dag. Var opnun Hótel Sögu heilmikill hvalreki í skemmtanalífi Íslendinga, en þar voru haldin svokölluð Pressuböll við góðan

orðstír, ásamt því að tískusýningarnar sem þar voru settar upp voru vinsælar meðal borgarbúa. Hafa síðan margir nafntogaðir gist á Hótel Sögu, svo sem Louis Armstrong tónlistarmaður, Þórhildur Margrét Danadrottning og Elísabet Englandsdrottning. Þá háðu Bobby Fischer og Sovétmaðurinn Boris Spassky sína sögulegu skák í Laugardalshöll árið 1972, þar sem heimsmeistaraeinvígð fór fram í miðju kalda stríðinu. Komst Hótel Saga þá í heimsfréttirnar þar sem blaðamannafundirnir voru iðulega haldnir og sá síðarnefndi gisti. ALLTAF LÍF OG FJÖR Leikmenn Austur-Þýskalands æfa sig á Melavellinum, fyrir framan Hótel Sögu, sem þarna er í blússandi byggingu, fyrir leik á mótí íslenska landsliðinu árið 1961.

MYND/INGIMUNDUR MAGNÚSSON

FLOTTIR FÉLGAR Friðgeir Bergsteinsson og Páll Óskar á góðri stund. Palli söng afmælissönginn fyrir Friðgeir á sveitaballi í Ydölum.

Fékk afmælissönginn sunginn af Páli Óskari

Friðgeir Bergsteinsson hefur verið einn helsti aðstoðarmaður íslenskra tónlistarmanna undanfarin ár. Hann stendur á tímamótum og fagnaði þrítugsafmælinu sínu um helgina.

„Þetta var klárlega einn skemmtilegasti afmælisdagur sem ég hef upplifað. Það er ekki slæmt að fá Pál Óskar Hjálmtýsson til að syngja fyrir sig afmælissönginn ásamt 500 gestum á sveitaballi í Ydölum,“ segir Friðgeir Bergsteinsson athafnamaður. Hann fagnaði á sunnudaginn þrjátíu ára afmæli sínu en þó svo að dagurinn hafi einkennst af talsverðri vinnu fékk hann afmælissönginn sunginn af þungavigtarmönnum í íslensku tónlistarlífi. „Palli söng fyrir mig eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags og þegar ég kom í bæinn á sunnudaginn þá heyrði ég afmælissönginn í útvarpinu á Rás 2 frá Sniglabandinu sem var ansi skemmtilegt,“ segir Friðgeir léttur í lundu. Friðgeir hefur starfað sem aðstoðarmaður margra af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar frá árinu 2003 og því margar kanónurnar í tónlistarheiminum sem sendu honum heilla-óskir. Á afmælisdaginn fór afmælisdrengurinn einnig á leik með KR í Pepsi-deild karla, en hann er einn helsti aðdáandi liðsins og ákváðu KR-ingar að gefa honum afmælissgjöf. „KR vann leikinn 3-0 þannig að þeir gáfu mér eitt mark á hvern tug,“ segir Friðgeir og hlær. Hann ætlar að fagna þrítugsaf-

KR-INGUR Friðgeir kysir hér bikarinn.

PRUSU PRENNA Tónlistarmennirnir Benedikt Brynleifsson og Hreiður Örn Helmisson ásamt Friðgeiri.

” KR vann leikinn 3-0 þannig að þeir gáfu mér eitt mark á hvern tug.

að eiga frábæra stund með vinum og þeim sem standa mér næst, þó svo ég þurfi því miður að missa af KR-leik en ég hef ekki misst af KR-leik í ansi langan tíma,“ segir Friðgeir fullur tilhlökkunar.

gunnarleo@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Um borð í Bragðörkinni
Íslenska skyrið og íslenski geitastofninn
eru meðal ellefu íslenskra afurða um borð í
Bragðörkinni. Þau hafa einnig hlotið gæða-
stimpil Slow Food-samtakanna.
SÍÐA 2

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ
AÐ VERSLA ÞEKKTA
MERKJAVÖRU Á
FRÁBÆRU VERÐI

**Stór-
útsala**

enn meiri
afsláttur

40%-50%

**BERNHARD
LAXDAL**

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á
Facebook



ÞOLI LANGVARANDI HLAUPAÁLAG BETUR

GENGUR VEL KYNNIR *Nutrilenk Active er frábært efni fyrir þá sem stunda mikla hreyfingu og/eða þjást af stirðleika og verkjum í liðum. Einstakt smurefni fyrir liðina.*

Allir sem hyggja á þátttöku í Reykjavíkumaraþoninu ættu að búa sig vel undir hlaupið, sama hversu langt þeir ætla að hlaupa. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Áralöng reynsla og rannsóknir gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki, brak og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni.

SMURNING FYRIR LIÐINA

Nutrilenk Active inniheldur hátt hlutfall af náttúrulega efninu hýalúronsýru sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir. Því hafa margir læknar mælt með Nutrilenk Active og sjúkráþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar greint frá góðri reynslu sinna skjólstæðinga.

MÆLIR MEÐ NUTRILENK ACTIVE

Friðleifur Friðleifsson hefur tekið þátt í öllum helstu hlaupum sem í boði eru á Íslandi og nýlega hljóp hann ásamt félögum hringinn í kringum landið til styrktar Útmeð'a – styrktarsamtökum fyrir unga karlmenn gegn sjálfsvígum. Einnig hefur

Friðleifur m.a. tekið þátt í 100 kílómetra hlaupi í Ölpunum við Mont Blanc og sigrað í Esja Ultra-hlaupinu tvö ár í röð.

„Sem hlaupari er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Ég hef núna notað Nutrilenk Active í töluverðan tíma og finn að líkaminn þolir langvarandi álag mun betur og eymsli í liðum eru miklu minni en áður. Í hlaupum er mikið álag, til dæmis á ökkla og hné, sérstaklega þegar hlaupið er á grófu og misjöfnu undirlagi, að ég tali nú ekki um upp og niður fjöll. Það er því mikilvægt að fyrirbyggja eymsli í liðum og ég get hiklaust mælt með Nutrilenk Active. Það virkar!“

MÆLIR MEÐ

„Líkaminn þolir mun betur langvarandi álag þegar Nutrilenk Active er tekið inn,“ segir Friðleifur. „Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Active því það virkar!“



SÖLU- STAÐIR

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.

ÚTSALA

Valdar vörur **20-40% afsláttur**
Útsalan stendur til **24. júlí**

Grensásvegi 46 • 108 Reykjavík • Sími 511-3388
Opíð mán. - fös. frá 9-18
Lokað á laugardögum í sumar

**REIKNADU
DÆMIÐ
á 365.is**

365.is | Sími 1817

365

iittala

10% afsláttur

Gjöf handa þér og þínum

**Tékk
KRISTALL**

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

salcura Náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

Þjáist þú af **sveppasýkingu** eða **þurrki** í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Spray

Þykir sérlega áhrifaríkt við sveppasýkingu, kláða, særindum eða þrusku í slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hikaust með Topida Intimate Hygiene Spray.

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

Multi Action Formula

Symptom and Relieving to Itch

Calms & Cures

For gentle relief for Itchy & Irritated Intimate Skin

Topida Intimate Hygiene Spray

salcura



ÍSLENSKA GEITIN
Íslenska geitin er elsti geitastofn í Evrópu.
NORDICPHOTOS/GETTY



KLASSÍSKT SKYR
Íslenska skyrið og íslenska geitin hafa nú fengið Presidia-gæðastimpil Slow Food-samtakanna.

GEIT OG SKYR UM BORD Í ÖRKINNI

SLOW FOOD Bragðörkin er skrá yfir afurðir eða húsdýrakyn sem eru í útrýmingarhættu. Íslenska geitin og hefðbundið íslenskt skyr eru meðal 11 íslenskra afurða um borð í örkinni en nýverið fengu þau Presidia-gæðastimpilinn.

Slow Food eru samtök sem hafa að markmiði að auka meðvitund fólks um mikilvægi matarmenningar, þekkingar, hefðar og landfræðilegs uppruna matvæla. „Samtökin vilja varðveita líffræðilega fjölbreytni og til þess þarf verkfæri á borð við Bragðörkina,“ segir Dominique Plédel Jónsson hjá Slow Food Reykjavík. „Bragðörkin, eða Ark of Taste, er skrá yfir þær afurðir sem eru í útrýmingarhættu og hafa gildi fyrir menningararfinn og samfélagið,“ útskýrir Dominique en meðal þess sem finna má í örkinni eru fæðutegundir, húsdýr og plöntur. Stefnan er síðan að markaðssetja þessar afurðir með einhverjum hætti og þannig varðveita þær. Þær vörur sem taldar eru eiga besta möguleika fá sérstakan Presidia-stimpil sem er helsti gæðastimpill Slow Food-hreyfingarinnar.

Ellefu íslenskar afurðir eru nú þegar á lista arkarinnar. „Við erum komin langt fram úr hinum Norðurlöndunum, en það kemur ekki á óvart enda eru hefðirnar mun nær okkur hér á landi,“ segir Dominique.

Hún segir afurðirnar sem komast á listann þurfa að uppfylla ýmsar kröfur. „Þær þurfa að hafa mjög sterk einkenni og fyrir þeim þarf að vera minnst þrjátíu ára hefð. Þá þurfa þær að vera í hættu, kannski ekki í útrýmingarhættu, en í hættu vegna til að mynda iðnvæðingar,“ segir hún og tekur dæmi um hefðbundið íslenskt skyr. „Uppskriftin að skyri er til í reglugerð en í dag er margt af því sem er kallað skyr í raun ekki upprunalegt skyr heldur jógúrt.“ Skyrið og íslenski geitastofninn, sem er sá elsti í Evrópu, fengu á dögunum hinn eftirsóttá Presidia-gæðastimpil.

Dominique segir umsóknarferlið fyrir Bragðörkina yfirleitt ekki langt en hver umsókn er tekin fyrir á fundi

Einkunnarorð Slow Food-samtakanna eru **Góður, hreinn og sanngjarn**, og er þar átt við að maturinn eigi að bragðast vel, hann eigi að vera laus við aukaefni og sem náttúrulegastur, og sanngjarn á þann hátt að sá sem framleiðir matinn fái sanngjarnt verð fyrir vinnu sína og afurðir.



Slow Food-samtakanna á Ítalíu. Ætlinin er að sækja um enn fleiri skráningar. „Við viljum sækja um fyrir landnámshænuna, hverabrauð, fjallagrös, laufabrauð og margt fleira,“ segir Dominique og biður fólk endilega að koma með tillögur. „Á Íslandi er af nógu að taka því hefðirnar eru svo lifandi.“

ÍSLENSKAR afurðir og húsdýr í Bragðörkinni eru:

- Magáll
- Lúra
- Rúllupylsa
- Hjallaverkaður harðfiskur (steinbítur)
- Hjallaverkaður harðfiskur (ýsa)
- Hefðbundið íslenskt skyr
- Kæstur hákarl
- Hangikjöt
- Íslenska geitin
- Sólburrkaður saltfiskur
- Sjávarsalt framleitt með jarðvarma

Unnið er að því að sækja um skráningu í Bragðörkina fyrir landnámshænuna, íslenskt sauðfé og forystufé, íslensku mjókurkúna, hverabrauð, fjallagrös og laufabrauð.



HARÐFISKUR
Hjallaverkaður harðfiskur, bæði steinbítur og ýsa, er á lista Bragð-arkarinnar.



DOMINIQUE PLÉDEL JÓNSSON

LIFANDI HEFÐIR

„Á Íslandi er af nógu að taka því hefðirnar eru svo lifandi.“

Gæði og góð þjónusta í 80 ár!

Spanheilluborð

Uppvottavélur

Hátar og víttur

20% AFSLÁTTUR af GRAM

Blástursofnar

Kæli- og frysi skápar

FÖNIX

FÖNIX Raftækjaverslun | Hátúni 6a, 105 Reykjavík | 552 4420 | fonix@fonix.is | www.fonix.is

365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN

MEIRI HRAÐI

STÖÐUGRA SAMBAND

INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

Lofthradi.is | Sími 1817

365

Veiðiflugur eru
eina sérhæfða
fluguveiðiverslun
landsins. 

Dú áin og LOOP

Ný glæsileg sending af vörum var að detta í hús

Við
kynnum
nýja einstaka
fatalínu frá
meisturum
LOOP



▲ Leipik primaloft

Hinn fullkomni útivistarjakki
fyrir íslenskar aðstæður.
Svo er hann líka hrikalega töff!



▲ Akka strech

Ótrúlega léttur og þægilegur
alhliða útivistar jakki. Pottþéttur
undir vöðlujakkann.



▲ Lainio vöðlujakki

Önnur eins gæði eru
vandfundin. Ný hönnun,
nýjir litir.



▲ Cross S1 – „stöngin sem breytir leiknum“

Maður verður að prófa sjálfur til að sannfærast
um hversu ótrúleg þessi stöng er.
Fæst fyrir línu 6 - 7 - 8 og 9



▲ Opti og Evotec G4

Við segjum hiklaust að þessi
hjól séu með þeim bestu sem
fáanleg eru...

▼ Opti línan

Afhverju ekki að lengja köstin?



700R

VAXTALAUSAR RADGREIÐSLUR
Í 12 MÁN

GUIDELINE  LOOP  patagonia











Langholtiðsvegur 111
www.veidiflugur.is
Sími: 527 1060
hilmar@veidiflugur.is



smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Bombardier Can-Am ATV 2/2008 ek.3þús. 450cc. Þyngd 316kg. Ásett verð 990.000.- Rnr.311263



Zodiac Classic 380 m/kerru árg 2006. Suzuki 25hp 4 gengis mótör, geymslutaska í stefni. Kerra fylgir. Ásett verð 990.000.- 287443

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



NÝ HJÓLHÝSI 2015

Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bílalíf.is



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2012, ekinn 61 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.110107.



BMW 3 s/d e90. Árgerð 2005, ekinn 88 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.101663.

MB Bílar
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opíð 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is

STÓRA
BÍLASALAN



OPEL Ampera E-pionier Edition. Árg 03/2012, ek 29 P.KM, Rafmagn/ Bensín, sjálfskiptur, leður og fl.. Verð 4.490.000. Rnr.157296. Er á staðnum

Óskum eftir
bílum á staðinn.

Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



MINI One. Árg 7/2013, ekinn 19 P.KM, bensín, 6 girar. TILBOÐ 2.990þ Stgr. Möguleiki á 75-80% láni í allt að 84 mánuði Rnr.100868.



SUBARU IMPREZA STI SPEC R. Árg 2008, ek 55 P.KM, bensín, 6 girar. UMBOÐSBÍLL. Verð 4.990þ. TILBOÐ 3.990þ Stgr Rnr.100902.

Óskum eftir
bílum á
söluskrá okkar

www.classicbilar.is

Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
www.classicbilar.is



ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR

Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til, sjón er sögu ríkari. EKKI MISSA AF ÞESSU.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



NOTAÐIR BÍLAR



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2012, ekinn 33 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.350.000. Rnr.240647.



MERCEDES-BENZ A 180 CDI. Árgerð 2014, ekinn 30 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.991354.



Kia cee'd EX 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2014, ekinn 29 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161401. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



BMW X5 4.0d e70. Árgerð 2013, ekinn 36 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.890.000. Rnr.141595. Mikið af aukabúnaði.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Toyota Landcruiser GX árg. 2003, sk. ,16, ek. 169þ. Engin skipti. Bíll í toppstandi. Verð kr. 2.390.000. Uppl. í s. 8932155



Ford Focus árg. 2004 keyrður 205 þús. Þarf að yfirfara bílinn. Verð 250 þús. Uppl. í s. 660 8964

Avensis hatchback ,98. ný skoðaður og yfirfarinn. alveg í topplagi. Einstakt eintak S: 8929803, eftir 18.

Skoda Actavis 2006 árg. Túrbó dísel 4x4, 890þús S: 6162597

250-499 þús.



TILBOÐ 450 ÞÚS
VW PASSAT 2003 ek.180 þús, beinskíptur, skoðaður 16 góður bíll bíll ásett verð á bílasölu 690 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



7 MANNA DÍSEL - TILBOÐ 490 ÞÚS

OPEL ZAFIRA 2.0DTI árg 2002 ek 238 þús, beinskíptur, nýleg heilsársdekk, toppluga, 7 manna, góður ferðabíll sem eyðir litlu, ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100 vísaláni s.841 8955



LÍTID KEYRÐUR YARIS!!!

TOYOTA YARIS 1.0 VVT-I árg'00 ek.134 þús, 3ja dyra, tímakedja, smurbók, ný smurður, gott viðhald, snyrtilegur smábíll sem eyðir mjög litlu, verð 450 þús möguleiki á 100% vísláni, s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á
www.vikurverk.is



Víkurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is



Hjólbardar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

HREINVERK

Téppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja



Ódýr garðsláttur. Halldór Garðykjum. S:6981215

GRÖFUPJÓNUSTA RAGNARS
Öll almenn jarðvinna. S: 8237473 - 6162698

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

PAK OG HÚSAMÁLUN

Get bætt við mig verkum. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningarþjónusta. Fáðu ástandsskoðun og verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Sími 776-0000

Málningarþjónusta - húsamálun, inni og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Rafvirkjun

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskípti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

til sölu



LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE PRESTIGE

Höfðabílar, Fossháls 27, 110 RVK
577 4747 www.hofdabilar.is

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG
IÐNAÐARMANN?

Við þjónustum þig með litil sem stór verk. Tímavinna eða tilboð. Sími 544-4444 / 777-3600
www.jaíðnaðarmenn.is



Vanan smíð vantar vinnuverkefni, s.845-2939.

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR
DÁLEIÐSLUTÆKNIR
(CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÆFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streitu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímáparentanir í síma 864-1273



KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.



KOMDU ÚT Á 4RA HJÓLA RAFSKUTLU, 3 LITIR TIL, NOKKUR EINTÖK EFTIR. SÝNINGAR SALUR: AUÐBREKKA 23. KÓP. V. 329 ÞÚS S. 783-3003

Komdu út á 4ra hjóla Rafskutlu, 3 litir til, nokkur eintök eftir. Sýningar salur: Auðbrekka 23. Kóp. V. 329 þús s. 783-3003

Hágæða sláttutraktórar

Verð frá 300.000 m/vsk.

TIGA

Vetrarsól ehf.
Askalind 4 • Kópavogi • S 564 1864

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. Opið á lau. S. 855 3199

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

ATVINNA

Atvinna í boði



UPPVASKARI / DISHWASHER

Tapasbarinn óskar eftir starfsmanni í uppvask .
Upplýsingar veittar á staðnum milli 12-17.

Tapasbarinn is hiring a dishwasher/assistant in kitchen.
Further information given at Tapasbarinn between 12-17.

Tapasbarinn - Vestugötu 3b - tapas@tapas.is

Vantar smíð eða mann vanan nýbyggingum, viðgerðum og viðhaldi. Uppl. í s. 858 3300

Help needed on Restaurant, CV send on magnusingi@gmail.com

115 SECURITY AUGLÝSIR EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM Í VERSLUNARÞJÓNUSTU

Skilyrði:
-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-20 ára lágmarksaldur
-Góð þjónustulund.

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

HÚSNÆÐI

Húsnæði óskast

Vantar íbúð til leigu í 101 RVK f. 150þús per mán. Uppl. í s. 821 5600

50 ára reglusamur einst. óskar eftir leiguíbúð miðsvæðis í RVK. S. 698 8629

Húsnæði í boði

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!

129 - 280 fm bíl með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is

S. 690 3031 / 661 7000

Sumarbústaðir

SUMARHÚSALÓÐ TIL SÖLU

Til sölu í landi Miðdals 2, tvær skógi vaxnar samliggjandi lóðir í nágrenni Reykjavíkur. Óskað er eftir tilboðum. s. 8945063

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS


Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464



TILKYNNINGAR

Einkamál

Bryndís býður upp á dekur. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, s. 905-2000, augl.nr. 8359.

Ákaflega heitur karlmaður vill kynnst undirgefnum strákum. Rauða Torgið, s. 905-2000, augl.nr. 8313.

Heit auglýsing ungrar konu að leika sér. Rauða Torgið, s. 905-2000, augl. nr. 8694.

Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Hraunbær 103 - 105

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 24. júní 2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 103-105 við Hraunbæ. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir að á nýrri lóð, í beinu framhaldi af núverandi lóð við Hraunbæ 103-105, verði heimilt að reisa 5-9 hæða byggingu með um 50 íbúðir fyrir eldri borgara. Uppbyggingin er í samræmi við áherslur um þéttingarsvæði Þ85 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-20130. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 14. júlí 2015 til og með 25. ágúst 2015**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, **www.reykjavik.is**, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 25. ágúst 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. júlí 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Mikilvæg tilkynning til viðskiptavina ítalskra útibúa váttryggingafélaganna Royal & Sun Alliance Insurance plc og Sun Insurance Office Limited

Royal & Sun Alliance Insurance plc (“**RSAI**”) og Sun Insurance Office Limited (“**SIO**”) hafa um áraraðir boðið almennar váttryggingar í útibúum sínum á Ítalíu, (RSAI og SIO eru í sameiningu „**gerðarbeiðendur**”).

ITAS – ISTITUTO TRENINO-ALTO ADIGE PER ASSICURAZIONI SOCIETÀ MUTUA DI ASSICURAZIONI (“**ITAS**”) er eitt elsta váttryggingafélag Ítalíu.

RSAI og SIO hafa ákveðið að flytja núverandi váttryggingastofna útibúa sinna á Ítalíu til ITAS en það er þáttur í viðtækri endurskipulagningu starfseminnar.

Þess vegna er lagt til að kl. 01.00.01 (á miðevróputíma (CET)) þann 1. janúar 2016 verði öll váttryggingastarfsemi útibúa bæði RSAI og SIO á Ítalíu yfirfærð til ITAS með áætlun um flutning váttryggingastofna. Þar af leiðir að allir váttryggingasamningar ítalskra útibúa RSAI og SIO (og kröfur samkvæmt þeim) verða að því búnu váttryggingasamningar (og kröfur) ITAS.

Athygli þín er vakin á tilkynningunni sem hér fylgir:

Það tilkynnist hér með að þann 29. júní 2015 settu gerðarbeiðendur fram beiðni, til Companies Court í Chancery Division við High Court of Justice („**dómstóllinn**”) samkvæmt VII kafla Financial Services and Markets Act 2000 („**FSMA**”) („**umsóknin**”), um úrskurð sem heimilar áætlun um flutning váttryggingastofna („**áætlunin**”).

Umsóknin varðar flutning váttryggingastofna ítalskra útibúa RSAI og SIO í heild sinni yfir til ITAS samkvæmd 111. grein FSMA og ráðstafanir til viðbótar í tengslum við áætlunina samkvæmt 112. grein FSMA.

Hægt er að nálgast að kostnaðarlausu afrit af skýrslunni um skilmála áætlunarinnar sem unnin er í samræmi við 109. grein FSMA af óháðum sérfræðingi, Gary Wells hjá Milliman LLP, en ráðning hans var samþykkt af Prudential Regulation Authority, og yfirlýsingu þar sem fram koma skilmálar áætlunarinnar og samantekt úr skýrslu óháða sérfræðingsins. Gögnin má nálgast með því að sækja þau á vefsetrið á slóðinni www.rsagroup.com/italytransfer eða með því að skrifa til RSA Italy, Piazza Piccapietra 23 - 16121 Genova, Italy eða ITAS, Piazza delle Donne Lavoratrici 2 - 38123 Trento, þannig að greinilega komi fram á framhlið umslagsins tilvísun í ‘Italy Transfer’. Einnig er hægt að hringja í þjónustusíma RSA Italy, 800 893429 innanlands eða +39 010 8330808, sé hringt frá stað utan Ítalíu, eða í þjónustusíma ITAS, 800 206645 innanlands eða +39 0461 896299 sé hringt frá stað utan Ítalíu. Þjónustusímarnir eru staðsettir á Ítalíu og þeir verða opnir frá 7. júlí 2015 mánudaga til fimmtudaga kl. 09.30-12.30 og 14.30-17.00 (á miðevrópusumartíma (CEST)), og á föstudögum kl. 09.30-12.30 (á miðevrópusumartíma (CEST)). Hlustað gæti verið á símtölin og þau tekin upp af öryggisástæðum.

Umsóknin verður tekin til meðferðar á dómfundi í Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London, EC4A 1NL þann 27. október 2015. Samþykki dómstóllinn hana, tekur flutningurinn gildi kl. 01.00.01 (á miðevróputíma (CET)) þann 1. janúar 2016.

Áliti einhver að það gæti orðið sér óhagstætt, yrði áætluninni hrint í framkvæmd, á sá hinn sami rétt á því annað hvort að leggja fram skriflega greinargerð eða að leggja sjálf/ur mál sitt fram munnlega (eða af lögmætum fulltrúa) við meðferð umsóknarinnar þann 27. október 2015. Þess er farið á leit (þótt ekki sé það skylda) að hver sá sem hyggst mæta fyrir dómstólinn eða leggja fram skriflega greinargerð tilkynni RSA Italy, Piazza Piccapietra 23 - 16121 Genova, Italy eða ITAS, Piazza delle Donne Lavoratrici 2 - 38123 Trento, um mótmæli sín eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 13. október 2015, þannig að greinilega komi fram á framhlið umslagsins tilvísun í ‘Italy Transfer’.

Kynningarfundur um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði

Kynningafundur um breytingu á aðalskipulagi Hofi Öræfum og deiliskipulag fyrir Drápskletta Höfn. Fundurinn verður haldinn í Ráðhúsi Hafnarbraut 28 Höfn fimmtudaginn 16. júlí kl. 12:00-13:00.


Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Skipulags- og byggingafulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Veðurspá
Þriðjudagur

Norðaustan
5-13 m/s í dag.
Viða súld eða
rigning, en styttnir
upp vestantil á
landinu þegar
kemur fram á
daginn. Hiti 8 til
16 stig, hlýjast
suðvestanlands
en kaldast
á annesjum
norðaustanlands.



Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12°	5°	9°
↗7	↘7	↘5
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
12°	12°	6°
↘2	↘6	↘5

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
14°	5°	6°
↘2	↘6	↘5
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
7°	13°	7°
↘5	↘6	↘7

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. kornstrá, 6. í röð, 8. kvikmyndahús, 9. fæða, 11. berist til, 12. dunda, 14. virki, 16. pot, 17. hrygning, 18. af, 20. ekki heldur, 21. steintegund.

LÓÐRÉTT

1. vag, 3. í röð, 4. land, 5. form, 7. gera óvandlega, 10. í viðbót, 13. starfs-grein, 15. baklafl á flík, 16. tíðum, 19. málmur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. hálm, 6. jök, 8. bíó, 9. ala, 11. bt, 12. gaurfa, 14. skans, 16. ot, 17. göt, 18. frá, 20. né, 21. talak.
LÓÐRÉTT: 1. kjag, 3. ab, 4. lřanon, 5. mlt, 7. klastra, 10. auk, 13. fag, 15. stel, 16. oft, 19. al.


SKÁK

Gunnar Björnsson

